

Fornleifauppgröftur á Lóðum Austurstrætis 22 og Lækjargötu 2



Eftir Mjöll Snæsdóttur og Oddgeir Hansson með viðbótum eftir Etel Colic



FS437-08311

Reykjavík

2009

Forsíðumyndin: Horft norður yfir uppgraftarsvæðið í Austurstræti 22

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími 551 1033

Fax 551 1047 Netfang:
fsi@instarch.is

EFNI

INNGANGUR.....	5
Ágrip af sögu húsanna.....	5
Aðferðir	9
UPPGRÖFTU Á LÓÐ AUSTURSTRÆTIS 22.....	11
Svæði A	12
Svæði B	16
Svæði C	19
Svæði D	22
Svæði E-F	25
Svæði G	30
Svæði H	32
Svæði I	34
UPPGRÖFTUR Á LÓÐ LÆKJARGÖTU 2.....	38
Framkvæmd.....	38
Fornleifarnar.....	40
NIÐURSTÖÐUR OG SAMANTEKT.	51
Austurstræti 22.....	53
Lækjargata 2.....	55
HEIMILDIR	58
VIÐAUKI I. GRIPIR.	59
Ceramics.....	59
Glass.....	63
Metal finds.....	64
Stone	66
Organic materials.....	66
Composite finds	67
Conclusions	67
VIÐAUKI II. EININGASKRÁ.....	71
VIÐAUKI III. GRIPASKRÁ.....	117

Inngangur

Þann 18.04.2007 varð mikill eldsvoði í miðbæ Reykjavíkur þar sem m.a brunnu húsini við Lækjargötu 2 og Austurstræti 22 sem voru meðal elstu húsa í borginni. Í báðum tilvikum var um timburhús að ræða og skemmdust þau það mikið við brunann að ógerlegt þótti að gera við þau án þess að ráðast í algjöra endurbyggingu á þeim frá grunni og voru þau því fjarlægð af lóðunum með öllu. Skapaðist af þessum sökum tækifæri til betri nýtingar á lóðinni m.a með því að láta grafa djúpan kjallara undir húsini áður en ráðist yrði í endurbyggingu á þeim. Vegna aldurs húsanna og staðsetningar í elsta hluta borgarinnar þótti nauðsynlegt að láta fara fram fornleifarannsókn á lóðunum áður en hægt væri að ráðast í framkvæmdir af fullum krafti og var Fornleifastofnun Íslands fengin til að annast verkið. Þar sem húsini voru ekki fjarlægð á sama tíma var fornleifarannsóknin gerð í tveimur áföngum, annars vegar um sumarið 2008 (Austurstræti) en hins vegar á vormánuðum 2009 (Lækjargata). Verður sá háttur hafður á í eftirfarandi skýrslu að fjallað verður um hvorn verkáfangi fyrir sig í tveimur aðskildum köflum en síðan verða niðurstöður teknar saman í sameiginlegum lokakafli. Sáu Mjöll Snæsdóttir og Oddgeir Hansson um úrvinnslu gagna og ritun meginskýrslunnar en Etel Colic sá um úrvinnslu og greiningu gripa og eru niðurstöður hennar birtar í viðauka aftan við skýrsluna.

Ágrip af sögu húsanna.

Austurstræti og Lækjargata eru nokkru yngri en elstu götur Reykjavíkur (Aðalstræti og Hafnarstræti). Í skýrslu Minjasafns Reykjavíkur frá 2004 segir:

Austurstræti var upphaflega stígur sem lá frá Aðalstræti að Læknum og myndaðist upp úr 1800. Stígurinn var í fyrstu aðkomuleið fyrir húsini við Hafnarstræti. Í fyrstu var gatan kölluð *Tærgaden* en hún var líka nefnd *Langefortov* eða *Langastétt* eftir að gerð var steinstétt eftir götunni árið 1820 og lögð renna eða ræsi eftir henni allri. Árið 1848 var henni formlega gefið nafnið Austurstræti og er þá miðað við afstöðu hennar til Aðalstrætis.¹

Fyrstu húsini sem byggð voru við Austurstræti voru annars vegar Austurstræti 22² og hús sem stóð á núverandi lóð Austurstrætis 4 n.t.t þar sem nú er horn Austurstrætis

¹ Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, 2004. Húsakönnun . Austurstræti-Lækjargata-Skólalabru-Pósthússtræti. Reykjavík 2004, bls. 9.

² Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur I. Reykjavík 1929, bls 158.

og Veltusunds. (Laxdalshús, gamla Yfirréttarhúsið³). Ekki er vitað um mannvirki á þessum stað fyrir þann tíma. Lækjargata dregur nafn sitt af læknum sem rann úr Tjörninni norður til sjávar og er en falinn undir núverandi Lækjargötu. Um tilurð götunnar segir í skýrslu Minjasafns Reykjavíkur frá 2004:

Samþykkt var á borgarafundi árið 1839 að ljúka við veg til suðurs frá Austurstræti að Skálholtsbrú, sem var yfir lækinn á móts við þann stað þar sem Bókhöðustígur er nú. Árið 1848 er þeim vegarspotta, sem þá er kominn, gefið nafnið Lækjargata. Læknum var lokað árið 1911 og hurfu þá þær brýr sem áður höfðu prýtt götuna.⁴

Staðurinn sem hér var rannsakaður er ekki mjög langt frá hinu forna bæjarstæði Reykjavíkur, frá horni Austurstrætis og Lækjargötu eru um 250 metrar að því (eða að horni Aðalstrætis og Kirkjustrætis). Ekki er því hægt að útiloka að einhver mannvirki sem tilheyrðu býlinu Reykjavík geti hafa verið þar á fyrri tíð. Á 19. öld var tún á Austurvelli, og er líklegt að ábúendur í Reykjavík hafi heyjað þar einnig, þó að Kl.J. geri ráð fyrir að tún bæjarins hafi verið sunnan og vestan við hann.⁵

Þeir uppdrættir sem til eru af Reykjavík sýna ekki byggingar né önnur mannvirki á þessum stað, nema hvað af uppdráttum kortagerðamannanna Ohlsens og Aanums frá 1801 verður ráðið að brú hafi verið yfir lækinn (sjá t.d. kort prentað í Sögu Reykjavíkur e Klemens Jónsson)⁶.

Austurstræti 22

Húsið sem stóð á lóðinni við Austurstræti 22 var reist uppúr aldamótunum 1800. Á uppdrætti sem þeir Ohlsen og Aanum gerðu, um það leyti (sjá uppdrátt prentaðan í Sögu Reykjavíkur I, eftir Klemens Jónsson)⁷ er hússtæðið merkt með bókstafnum *a* og sagt að þarna sé hús Ísleifs Einarssonar. “Í uppdrætti þeim, sem hjer er prentaður, og er frá sjónum, stendur *a*, og sú athugasemd, að þar sje bygt hús Ísleifs Einarssonar 1801-2, og er það rjett; það er eiginlega fyrsta húsið við Austurstræti, og enn til (búð Har.Árnasonar).”⁸ . Á öðrum uppdrætti Ohlsens og Aanums sem til eru frá þessum sama tíma er ekkert hús sýnt þarna. Ályktar Klemens Jónsson að uppdráttur

³ Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur I. Reykjavík, 1929, bls 160-161, 169.

⁴ Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur I. Reykjavík, 1929, bls 157

⁵ Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur I. Reykjavík, 1929, bls. 9.

⁶ Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur I. Reykjavík, 1929, bls 160-161

⁷ Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur I. Reykjavík, 1929, bls.157

⁸ Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur I. Reykjavík 1929, bls 158

sá sem staðsetur hús Ísleifs sé yngri, en hinn er uppmældur í október 1801.⁹ Byggingarár hússins er því annað hvort 1801 eða 1802. Ísleifur Einarsson (1765-1836) var dómari við landsyfirrétt frá 1800. Hann átti húsið til 1805 en seldi það þá Trampe greifa stiftamtmani. Trampe lét gera á húsinu ýmsar endurbætur og er til nákvæm úttekt/lýsing á húsinu eftir þær frá 1807.¹⁰ Kemur húsið nokkuð við sögu í “valdaráni” Jörngens Jörgensen (hundagakonungs) árið 1809 en hann hafði þar aðsetur þann stutta tíma sem hann var við völd á Íslandi. Árið 1820 var Landsyfirréttur fluttur í húsið og var hann þar til 1871, en frá þeim tíma og til 1911 var Prestaskólinn í húsinu. Árið 1915 eignaðist Haraldur Árnason kaupmaður húsið og rak þar verslun (Haraldarbúð) í fjölda ára, og þótti einhver fínasta búðin í bænum á þeim tíma. Var búðinni skipt í margar deildir: Herra-fatadeild, dömudeild, snyrtivörudeild og undirfatadeild. Á þeim tíma sem Haraldur átti húsið og rak þar verslun sína var húsinu breytt og það endurbætt, meðal annars var settur á það stór kvistur og verslunargluggar. Meðan Haraldarbúð var í húsinu voru byggðar við það margar viðbyggingar, einkum að sunnanverðu. Haraldur lést árið 1949 en verslunin var samt rekin áfram í hans nafni til áramóta 1960-1961. Ýmis verslunarrekstur var í húsinu eftir það til árisins 1973 þegar Karnabær kaupir húsið og var sú verslun rekin í því til ársins 1988.. Eftir það var rekin hljómplötuverslunin Steinar músík og myndir í eystrihlutanum en veitinga og skemmtistaður í vestari hlutanum sem gekk undir ýmsum nöfnum.¹¹ Undir það síðasta var veitinga- og skemmtistaðurinn í öllu húsnæðinu eða allt þar til það brann þann 18. apríl 2007 eins og komið hefur fram.

Lækjargata 2

Á lóðinni austan við Austurstræti 22 var árið 1852 reist einlyft timburhús. Ekki eru upplýsingar um að hús hafi staðið þar áður og þau kort sem til eru af Reykjavík fyrir þann tíma sýna ekki nein mannvirki á þessari lóð.

1852 bygði P.C.Knudtson hús á horninu á Austurstræti og Lækjargötu. Þegar Ólafur Pálsson varð dómkirkjuprestur 1856, keypti hann hús þetta, “prófastshúsið”, og bjó þar til 1871 meðan hann var prestur hjer. Eftir það varð Sigfús Eymundsson, myndasmiður og bóksali eigandi hússins og bjó þar alla æfi¹²

⁹ Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur I. Reykjavík 1929, bls 159-161

¹⁰ Argos ehf. Austurstræti 22. Byggingarrannsókn í kjölfar brunans 18. apríl 2007. Reykjavík, 2008. bls. 2

¹¹ Morgunblaðið 1. apríl, 2003, Fasteignablað. *Austurstræti 22*.

¹² Klemens Jónsson Saga Reykjavíkur II, Reykjavík 1929, bls. 42.

Hús það er fyrst var reist var einlyft. Sigfús Eymundsson lét stækka það (a.m.k í tveim áföngum) Var það lengt til suðurs árið 1875 og var sú viðbót tvílyft, en árið 1882 var nyrðri og eldri hluti hússins síðan einnig hækkaður. Í tíð Sigfúsar voru reistar nokkrar viðbyggingar, geymsluskúrar(?), hesthús ofl.¹³

Eftir stækkunina var húsið orðið allmikil bygging miðað við það sem gerðist á þeim tíma. Benedikt Gröndal lýsir því svo:

...það er á horninu á Lækjargötu og Austurstræti og veit framhliðin að læknum. Þetta hús var fyrst byggt af Knudtzon stórkaupmanni, og seinna bjó M. Smith þar, eftir hann kom Ólafur Pálsson dómkirkjuprestur, en seinast fékk Sigfús húsið og dubbaði það alt upp og bygði ofan á það stór herbergi, svo það er eitthvert hið mikilhæfasta hús í bænum, með loftsvölum; þar er ljósmyndahús uppi og þar myndaði Fúsi lengi múg og margmenni, og þótti enginn með mönnum teljandi nema hann væri myndaður af Fúsa; gekk þetta lengi, þangað til Fúsa leiddist, og tók þá Daníel mágur hans við, en í neðri herbergjunum er bókaverzlun allmikil; þar er “Nýja sálmaþókin”, þar sem sextíu og sjö sálmar byrja á “Ó” og átján á “Jeg”. Þar í einu herbergi hafði Fúsi “Graphófóninn”, sem hann kom hingað með fyrstur manna lét syngja á hann og leika lög og orð með göldrum”.¹⁴


Í húsinu var lengi Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar og ýmsar verslanir síðan, einnig var þar veitingarekstur á ýmsum tímum. Um miðja 20. öld var þar verslunin Sápuhúsið (með inngang á horninu), um tíma fornbókaverslunin Klausturhólar, Bókabúðin Borg. Þar voru einnig rekin nokkur veitingahús, nú síðast matsölustaðirnir Café Opera og Kebabhúsið og ölkráin Café Rosenberg.

¹³ Gullinsnið ehf. 2009. (óútféið). Byggingarsaga Lækjargötu 2 bls. 1-2.

¹⁴ Benedikt Gröndal: Reykjavík um aldamótin 1900. Sérprentun úr ”Eimreiðinni” VI. Kaupmannahöfn 1900, bls. 28-29.

Aðferðir

Mannvistarlög voru grafin með svokallaðri einingaaðferð (e. *Single context recording*). Hún felur í sér að hugsað er um hvert jarðlag, holu eða byggingarhluta á minjasvæði sem einstakan atburð í uppbyggingu þess. Er markmiðið að gera þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir aldursröð jarðlaga sem og það samhengi sem er á milli einstakra mannvirkja eða byggingarstiga. Hver eining (þ.e jarðlag og/eða mannvirki) er skráð, teiknuð, hæðarmæld og stundum ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp á lóðum Austurstrætis 22 og Lækjargötu 2.



Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utanum uppröðun þeirra í tímaröð, sem og annað samhengi þeirra á milli (sjá mynd 3 hér að framan). Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á

milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, til dæmis þær sem taldar eru tilheyra ákveðinni byggingu, byggingarstigi eða tímabili, gjarnan settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar (sjá mynd 2 hér að neðan). Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrafter í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við.

Fornvistfræðilegar upplýsingar eru meðal þeirra gagna sem safnað er í fornleifauppgræftri. Efnasamsetning gólfa, tegundir og magn skordýra- og plöntuleifa sem þar kunna að leynast o.fl. geta oft veitt mikilvægar upplýsingar um hlutverk mismunandi bygginga, og því er talsverðu magni jarðvegssýna gjarnan safnað við fornleifauppgröft. Magn jarðvegssýna sem tekið er úr hverju lagi getur verið mismunandi eftir umfangi þess og þykkt, og fær hvert sýni númer í hlaupandi númeraröð, með viðhangandi einingarnúmeri þess jarðlags sem það er tekið úr.


Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur og hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi líkt og jarðvegssýnin. Ekki finnast allir gripir í samhengi, því að sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði. Þegar vitað er úr hvaða lögum gripirnir komu, eru eininganúmer hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.¹⁵

¹⁵ Gavin Lucas o.fl.2003 *Archaeological Field Manual. Fornleifastofnun Íslands.*

Uppgröftu á Lóð Austurstrætis 22.

Uppgröftur á lóð Austurstrætis 22 fór fram á tímabilinu 21.07.08 til 17.09.08. Verkstjórn var í höndum Mjallar Snæsdóttur en aðrir sem þátt tóku í verkinu voru Rúnar Leifsson, Lilja Björk Pálsdóttir, Lís Rut Björnsdóttir, Etel Colic, Astrid Daxböck, Stefán Ólafsson, Hildur Gestsdóttir, Oddgeir Hansson, Uggi Ævarsson, Howell M. Roberts, Garðar Guðmundsson og Jóhann Gunnarsson Robin. Við verkið voru á bilinu 3 til 7 samtímis.

Svæðið sem um ræðir er um 20 x 24 m að stærð. Þegar hreinsað hafði verið ofan af því kom greinilega fram að því var skipt í margar skákir af steinsteyptum eða hlöðnum veggjaundirstöðum, sem voru greinilega frá nokkrum mismunandi tímabilum. Ákveðið var að leyfa þessum veggjum að standa, þar eð ástæða var til að ætla að þeir næðu yfirleitt niður á fast og væri hagræði og vinnusparnaður að því að láta þá óhreyfða. Allir voru veggirnir yngri en önnur mannvistarlög á staðnum og



Mynd 2: Yfirlitsteikning sem sýnir skipan uppgraftarsvæða á lóð Austurstrætis 22

skáru þau og voru þeir einkenndir með einingarnúmerunum [035], [042] og [067]. Voru veggir þessi látnir skipta rannsóknarsvæðinu og skákirnar auðkenndar með bókstöfum, A-I, (sjá mynd 2 hér að framan) og mun eftirfarandi umfjöllun einnig stjórnast af þeirri skiptingu. Alls voru skráðar, teiknaðar og kannaðar 164 tölusettar einingar, jarðvegslög og byggingarhlutar og skiptust þau í þrjá megin minjahópa: hóp [623] sem nær yfir mannvirki og mannvistarlög frá því eftir 1852, hóp [624] sem nær yfir minjar frá 1801-1852 og hóp [625] sem nær yfir minjar frá því fyrir 1801.

Svæði A

Svæði A var syðsti hluti lóðarinnar, næst þeim stað þar sem hús Nýja bíós hafði staðið. Við lóðamörk er norðurveggur húss þess sem kom í stað húss Nýja bíós og er á veggnum bogadregið útskot, sem markar lögum á framhlið Nýja bíós. Niðurgröftur vegna byggingar þess húss, 0,5-1m breiður var næst húsinu. Hann fylgdi útlínunum hússins, þannig að hann lá í sveig utan um bogadregið útskot á miðjum vegg.



Mynd 3: Horft til austurs yfir svæði A

Svæðið afmarkaðist að austan af steinsteypuvegg, hluta af byggingum á lóð Lækjargötu 2 og að vestan af steypuvegg eða undirstöðu af viðbyggingum við Austurstræti 22 [067]. Norðan við svæðið var aftur steypuveggur um þvera lóð, væntanlega einnig undirstaða viðbygginga eða viðbyggingar [035].

Efsta lag á svæði A sem fjarlæggt var við uppgröftinn, undir 001, var [003], dökkbrúnt lag úr silti og smásteinum, þykkt þess var 3-10 cm. Í laginu var nokkuð um viðarkol. Það var skert að norðan af steypuvegg [067]. Mikið var af gripum í þessu lagi, alls 93, gler, leirilátabrot, málm, viðarkol, einnig tvö leggbrot úr tóbakspípu úr leir. Þetta lag lá í skurði [006]. Sá skurður var með aflíðandi hliðar og flatan botn. Hann var grafinn niður í ruslalagið [007] sem innihélt viðarkol, leirilátabrot, bein og glerbrot. Það var dökkbrúnt, þétt, sendið silt, með mól og viðarkol, 10-20 cm þykkt. Lagið náði yfir allt svæðið A, og gæti verið jöfnunarlag. Alls komu úr því 75 gripir, leir, gler, bein, málmur., þar á meðal mynt úr koparblöndu (hún var illa farin, og ekki hægt að greina hana) og hnappur úr koparblöndu.

Þar undir var lagið [009] var rótað lag, ef til vill uppmokstur, dökkbrúnt, nærri svart silt með viðarkoli og smásteinum, skert af [006]. Úr því komu 33 fundnir, leir, gler, þakflísar, gjall, dýrabein og brot úr rauðgulum tóbakspípulegg.

Undir [009] næst steypuveggnum norðan við svæðið A, var [010], malarlag, grátt að lit, með sandi og silti, lagið var einsleitt og var fylling í [013], 15-20 cm að þykkt. Fundir voru leirgripir og múrsteinsbrot.

Við norðausturhorn svæðis A undir [007] var fínt blandað lag úr silti og móösku [011], brúnt til rauðbrúnt, með nokkru af viðarkoli og smásteinum. Lagið var 5-7 cm þykkt. Að norðan var það skert af steypuveggnum [035] og [009] að vestanverðu. Úr þessu lagi komu 132 fundir, brot úr leir- og glerilátum, rúðugleri, textílleifar, brot úr járn og öðrum málm, gjall, þakskífa og dýrabein. Einnig var meðal funda brot úr tóbakspípu úr leir, og nánast heil postulínspípa með leifum af málaðri skreytingu. Út [011] kom einnig einn af fáum tímasetjanlegum hlutum, blýinnsigli með fangamarki Kristjáns IX Danakonungs (1863-1906).

Eining [013] var skurður með malarfyllingu [010] sem lá austur og vestur með steypuveggnum. 4x0,7 m og 10-20 cm djúpur, með beinum hliðum og flötum botni. Skertur af [006]. Undir lögunum [011] og [013] var einingin [014]. Það er lag úr brúnu þéttu silti með viðarkoli. Þetta lag kann að hafa lagst upp að girðingu eða einhverju

slíku. Það var aðeins skert af [013] og var 5-10 cm að þykkt. Úr þessu lagi komu 34 fundir, brot úr leir- og glerílátum, gluggagleri, múrsteini, þakflísum, textílpjötlu og dýrabein.

Einingin [017] var undir [014] og virtist vera samsafn af brenndu rusli, og gæti hafa verið brennt á staðnum. Það var með gráum hvítum og svörtum linsum, mismunandi aska, einnig var í því silt, viðarkol, mól, brennd bein, smásteinar og múrsteinsbrot. Það var 5-20 cm að þykkt og mörk þess mjög skýr. Það var skert að vestan af [013]. Mikið kom af fundum úr þessu lagi, alls 392 brot úr tóbakspípur, leirilátum, glerílátum, gluggagleri, þakskífu, málmhlutum, gjalli, textíl, ofl.

Einingin [025] var hola, sem fyllingin [017] lá í, með fremur flötum botni og mishallandi hliðum, 2x1,5 m að stærð og frá 7 til 13 cm djúp.

Að nokkru undir [025] var fyllingarlag í skurði, það hafði númerið [020], það var í norðausturhorni svæðis A, meðfram steiptum vegg. Það var úr þéttri grábrúnni mól, sandi og silti, um 15 cm þykkt. [026] var skurðurinn sem [020] hvíldi í, lá meðfram steypuveggnum [035] austur og vestur. Skurðurinn var 3,95 m langur, 0,6 m breiður og 0,1 m djúpur. Hliðar voru brattar og botn flatur. Skurður [026] var ef til vill sá sami og skurður [013], og ekki ólíklegt að þessi skurður tengist byggingu veggjarins [035].

Undir skurðinum [025] var ruslslag [027], fínt lag úr silti, sandi og móösku, með smávegis viðarkoli, brenndum beinum og litlum steinvölum, 2-8 cm á þykkt. Það var að nokkru skert af [025] að norðvestan. Að vestanverðu eru meiri brunamerki í laginu og getur verið að rusli hafi verið brennt á staðnum. Brot úr múrsteini, járn og gjall fundust í þessu lagi, 13 gripir alls.

[029] var skurður sem lagið [027] lá í. Að norðan var hann að nokkru skertur af [025].

Einingin [030] var undir [029] blandað móöskulag, með viðarkoli, gleri, smásteinum og múrsteinsbrotum. Að lit var það frá dökkbrúnu út í gulrautt, og samanstóð af sendnu silti með lítilsháttar mól. Lagið var um 15 cm að þykkt. Úr þessu lagi komu 145 fundir, brot úr leir- og glerílátum, rúðugleri, bráðið gler, járngrípir, hnappur úr koparblöndu, og brot úr tóbakspípu úr postulíni.

Undir [030] var fremur hreint móöskulag með viðarkolum [031]. Lagið var sendið silt, þétt en fínt og smávegis viðarkol í því. Það var 5-10 cm að þykkt. Í því fundust leirilátabrot, brot úr tóbakspípum úr leir, glerílátabrot, rúðugler og múrsteinsbrot.

Einingin [032] var undir [031], ruslslag, silt blandað móösku og viðarkolum, brúnt og bleikt, 15 cm að þykkt. Engir gripir fundust í því. Dökkbrúnt blandað lag, [034], silt með smásteinum og viðarkolalinsum, og 10 cm þykkt var undir [032].

Vestan til á svæði A, undir [007] var [036], dökkbrúnt sendið siltlag með viðarkoli, dýrabeinum, leirkerabrotum, brotum úr rúðugleri og þakhellum, c.a 15 cm að þykkt. Dýrabeinin voru mjög illa varðveitt og var ekki reynt að hirða þau. Aðrir fundir voru 18.

Undir [036] var einingin [037], móöskulag með brenndum beinum, viðarkoli og brotum úr gleri og leir. Lagið var úr sendnu silti og möl, litur þess brúnn og út í bleikt, þykkt þess var 5-15 cm. Það var skert að sunnan af grefti fyrir Nýja bíói og að norðan af steypuvegg [035].

Undir ruslslaginu [037] var lagið [038] blanda úr smásteinum og silti, 5-10 cm að þykkt.

Undir [038] og [034] var einingin [040], blandað lag úr silti, sandi og möl, sem innhélt viðarkol og móösku, brúnleitt með bleikum, gráum og svörtum flekkjum. Þykkt þess var 5 til 20 cm. Það var víða skert, og meira var af möl í því eftir því sem neðar dró. Í því fundust níu brot úr leirpípum, glerlátum, rúðugleri og krækja af fatnaði úr koparblöndu. Næst steypuveggnum [035] sem afmarkar lagið til norðurs var rönd af mjög hreinni móösku, en einnig voru dreifðar linsur af móösku alls staðar í laginu. Lagið [040] náði yfir allt svæðið A og gæti hugsanlega hafa verið fært á staðinn sem jöfnunarlag.

Undir [040] var lagið [044], úr möl, sandi og silti, grátt með brúnum linsum, fremur einsleitt. Að sunnan var það skert þar sem grafið hafði verið fyrir Nýja bíói.

Undir þessu lagi var einingin [045], leifar af grjóttvegg. Hann er skertur að suðvestan vestan/ sunnan þar sem grafið var fyrir Nýja bíói. Steypuveggurinn [035] skar vegginn að norðan, en framhald hans [061] kom í ljós á reit B. Lengd á þeim bút sem varðveittur var á reit A var 4,5 m og breiddin frá um 40 cm upp í rúmlega 60 cm. Veggjarbrot þetta stefndi vestsuðvestur-austnorðaustur, og er stefna þess þannig ólík því sem Austurstræti stefnir. Steinarnir í þessum veggbút voru ótilhöggvið lábarið grágrýti. Aðeins eitt umfar var eftir af steinum, nema rétt á einum stað vestast.

Ekki var hægt að segja með vissu um aldur veggjarleifanna., en tvennt bendir til að veggurinn geti verið nokkuð forn. Annað er að hann hvílir beint á malarkambinum og

ekki var nokkur jarðvegur á milli. Hitt er stefna veggjarins, sem bendir til að hann sé eldri en kaupstaðarmyndunin. Hvorki fundust hvorki gripir né gjóskulög í tengslum við vegginn sem nota mætti til að tímasetja hann.



Mynd 4: Horft til vesturs yfir garðlag [045]

Svæði B

Þessi reitur var norðan við reit A, og jafnlangur honum. Hann afmarkaðist að vestan af steypum vegg á lóðamörkum við Lækjargötu 2, að sunnan af steypuveggnum [035] og að vestan og norðan af öðrum undirstöðuveggjum úr steypu [067].

Fjórar holur sáust strax á þessum reit, og fengu númerið [028]. Þær voru við suðurhlið svæðis B, við steypuvegginn [035]. Holurnar voru ílangar og nærri því að vera ferhyrndar, um 1x0,4 m, með brattar hliðar of flatan botn. Þær voru fullar af stórgerðri möl. Trúlegt er að þær eigi við vegginn [035] og gætu hafa staðið í þeim stoðir. Annar möguleiki væri að holurnar hefðu tekið við vatni úr þakrennum, enda náðu þær niður á malarlagið sem er neðst á þessum lóðum.

Efsta lagið á reitnum [002] var svargrátt fínt siltlag, 10-40 cm að þykkt og innihélt brennd bein, viðarkol og múrsteinsflísar. Í því voru leirílátabrot og glerbrot, kolamolar og járnbrof. Það var skorið af nýlegum lagnaskurði fyrir frárennslislögn.



Mynd 5: Horft til austurs yfir svæði B.

Undir [002] var einingin [004], skurður eða hola með flötum botni og allbröttum hliðum, en þar undir var [005], allblandað dökkbrúnt siltlag, með viðarkoli, flekkjum úr lífrænu efni, og sandi, 15-20 cm þykkt, skert af lagnaskurðum og veggjunum [035] og [067]. Mikið var af gripum í laginu, brof úr tóbakspípum úr leir og úr postulíni, einnig brof úr leirílátum, lítil krús, múrsteinsbrof, tvær myntir, hnappur, kol og dýrabein, brennd og óbrennd.

Lagið [008] var grábrúnt fínt siltlag, nokkuð malarblandað, einnig var í því viðarkol. Þar var 10-20 cm að þykkt, nokkuð einsleitt og skert af undirstöðu veggnum [067], einnig af lagnaskurðum og holunum [028]. Mikið fannst af gripum í þessu lagi, brof úr tóbakspípum úr leir, postulínshnappur(?), leirílátabrot, glerbrot, bæði úr ílátum og gluggagleri, múrsteinsbrof, brof úr þakskífu, bráðið gler, gripir úr málmum, gjall,

steinkol og bein. Líta má á einingarnar [005] og [008] sem eitt og sama lag, bæði voru þau svo áþekk og fundir úr þeim svo svipaðir. Þau voru hins vegar aðskilin af holunni [004] og lagnaskurðum.

Undir einingunni [008] var [015], fylling úr sandi og smásteinum sem fyllti skurð/holu [016], Þessi eining var 10-15 cm þykk. Hún var skert að norðan af veggundirstöðum [067] og að sunnan af [035]. Þar undir var óreglulegur skurður eða hola [016] sem lagið [015] lá í, hann sneri norður og suður, hliðar hans voru nokkuð beinar og botn flatur. Hann var 3,43 m að lengd, 1,74 m á breidd og 20-25 cm djúpur. Hann var skertur að norðan og vestan af steypuveggjum [067] og að sunnan af steypuveggjum [035].

[022] var ruslslag undir [005], dökkbrúnt / svarbrúnt að lit. Í því var mikið af brenndum beinum, stórir molar af viðarkoli og nokkuð af steinum. Þykkt þess var 10-12 cm, og það var 1,5x1 m að stærð. Alls fundust í því 29 gripir, brot úr leirilátum, gluggagleri, járnaglar og steinkol.

Lagið [023] var undir [008]. Það var sendið silt, rauðbrúnt, með lítilsháttar af viðarkoli og smásteinum, um 10-15 cm þykkt. Skert var það af skurði að norðan, steypuveggjum [067] að vestan og sunnan og af holunni [016] að austan. 55 gripir fundust í laginu, brot úr leir- og glerílátum og brot úr rúðugleri.

Lagið [024] var undir [023] og lá undir miklu af svæðinu. Það samanstóð úr sendu silti með smásteinum, var blandað með móösku og viðarkoli, var um 15-20 cm að þykkt, rauðbrúnt að lit. Það var skert af [016] að vestan, steypuveggjum að norðan [067] og sunnan [035] Í laginu voru ýmsir fundir, 124 alls, brot úr tóbakspípum úr leir, úr leir- og glerílátum, úr rúðugleri, málmþynna og járnaglar. Lögin [023] og [024] voru samskonar og má líta á þau sem sama lag, en það er skorið í tvennt af [016]. (Lögin [005] og [008] ofan á þeim áttu einnig saman).

Undir einingunum [023] og [024] var [033], þunn járnútfelling, minna en 1 cm á þykkt. Hún var skert af [067] að norðan og vestan, [035] að sunnan og að austan af nýlegum steypuveggjum á lóðamörkum.

Undir [035] var komið niður á veggjarleifar, [061] , líklega leifar af túngarði eða þvílíku, sama mannvirki og [045] í reitnum A. Það var skert af steypuveggjum [035] að sunnan/vestan og vegg á lóðamörkum við Lækjargötu 2 að austan. Búturinn í reit B var um 5 m að lengd, en breiddin var á bilinu 0,4-1 m. Garðlag þetta stefndi

vestsuðvestur og austnorðaustur og aðeins var varðveitt eitt umfar af steinum, en á breiddina voru tveir eða þrír steinar í mannvirkinu. Flestir eru steinarnir lábarðir. Garðlag þetta stefndi allt öðru vísi en Austurstræti. Bendir bæði stefnan og eins sú staðreynd að garðleifarnar liggja beint ofan á malarkambinum til þess að garðlagið sé töluvert eldra en húsið frá 1801-2. Ekki verður þó sagt um aldur garðlagsins með nokkurri vissu. Vel getur verið að veggurinn sé frá miðöldum. Ekki er heldur hægt að hafa vissu um tilgang garðlagsins, en ekki er ólíklegt að hann sé túngarður, og einhvern tíma hafi verið afgirt ræktarland á þessum stað. Aðrir möguleikar væru t.d.



Mynd 6: Horft til vesturs yfir garðlag [061].

nátthagi eða annað aðhald fyrir skepnur.

Svæði C

Norðan við svæði B, austast og næst lóð Lækjargötu 2 var svæði C, afmarkað af steyptum viðbyggingaveggjum [067] á þrjá vegu og af Lækjargötu 2, eða viðbyggingu við það hús, á fjórðu hlið.

Norðarlega á reitnum C er veggjarundirstaða úr grágrýti [066]., einföld röð steina, tæplega 5 m að lengd. Yfirleitt var eitt umfar af steinum varðveitt. Steinarnir voru



Mynd 7: Horft til austurs yfir svæði C.

nokkuð reglulegir, á bilinu 15-50 cm að lengd. Þeir voru lagðir í lag af stórgerðri möl, og skurðurinn mjói sem þeir voru í náði niður á malarkambinn undir mannvistarlögnum, og skar öll lög þar undir. Þessi veggur ekki tekinn upp við rannsóknina. Ekki er hægt að tengja þennan vegg beint við neitt mannvirki á lóðinni, en trúlegt að það séu leifar eldri girðingar eða skúrveggjar.

Einingin [018] var fylling í rennu [019] silt blandað viðarkoli. Í henni fundust brot úr gulum múrsteini, lagið var mest 20 cm þykkt, skert af [042]. Í því fundust 87 gripir, brot úr leir- og glerlátum, gluggagleri, fimm trénaclar, járnhlutir og dýrabein. [019] var rennan [018] lá í. Henni hallaði frá norðri til suðurs og hún endaði í kringlóttri holu syðst. Rennan hafði allbeinar hliðar og flatan botn, var 3 m löng, 0,5 m breið og mest 0,3 m djúp.

Lagið [021] var rauðbrúnt lag úr silti og möl, með móösku og viðarkoli, náði yfir mikinn hluta svæðisins, var mest 20 cm þykkt. Það var mikið skert af nýlegum lagnaskurðum. Úr því komu 58 gripir, brot úr leir- og glerlátum og tóbakspípum, beihnappur, gripur úr koparblöndu, járngripur og járnaglar.

Undir laginu [021] var lag sem fékk númerið [039]. Það var rótað siltlag, brúngult,

innihélt viðarkol og steinkol. Í því fundust brot úr leir og gleri, dýrabein og nokkrir málmhlutir.

Undir [039] var þunnt gráleitt lag malarlag með silti, [056], mest 7-8 cm. Það var skert af 066 að norðan og vegg á lóðamörkum við Lækjargötu 2 að vestan.

Hópnúmerið [053] var gefið fjórum holum, [048], [050], [052] og [059] og fyllingunum í þeim, [047], [049], [051] og [058]. Holurnar voru í röð, austur og vestur, eða sömu stefnu og Austurstræti. Þær voru 86x62x32 cm, 88x51x35 cm, 84x55x30 cm og 70x47x32 cm. Hliðar voru beinar og botnar flatir, og holurnar sneru austur-vestur. Fyllingin í þeim var blanda úr silti og sandi og úr þeim kom töluvert af gripum, m.a.



Mynd 8: Horft til austurs yfir holurnar í hópi [053]

leirilátabrot, þar á meðal eitt brot úr “Jydepotte”, rúðugler, þakhellur, járngríp, koparvír og múrsteinsbrot.

Um hálfum metra suðvestur af holuröðinni [053] var enn ein hola, [055], skert af steypuvegg, en virtist hafa verið kringlótt eða ílöng í laginu. Hún var 44x46 cm og 17 cm á dýpt. Hliðarnar voru beinar og botninn flatur. Fyllingin í henni, [054], var silt og

sandur með smásteinum.

Einingin [057] var undir [056], mjög þunnt lag úr leir og silti, blönduðu með móösku. Það var mest 2-3 cm þykkt, og 1x4 m að stærð. Í því fundust 66 gripir, brot úr leir og gleri, gluggagler og múrsteinsflísar.

Næst undir [057] var [060], skeljasandslag, þétt dökkt, nánast svart, gæti tengst byggingu hússins frá 1801. Lagið var 3-4 cm að þykkt.

Undir hópnum [053] og laginu [060] var rauðgulbrúnt lag úr silti og leir [062]. Það var 10-25 cm að þykkt, og í því fannst eitt leirkersbrot og tveir naglar.

Undir [062] var náttúrulegt malarlag, malarkamburinn, í hæðinni 1,87-2,18 m.y.s. Það lag var ekki grafið upp, en prufuholur grafnar niður í það til að ganga úr skugga um að komið væri niður á náttúrulegt lag og ekki fyndust frekari manngerð lög.

Svæði D

Reiturinn D var vestan við reitinn C og norðan við B. Hann afmarkaðist af steypuveggjum á fjórar hliðar. [067] Þetta svæði var ferhyrnt, um 4,30 m frá norðri til suðurs og um 4,15 m frá austri til vesturs.



Mynd 9: Svæði D er hér í forgrunni. Horft til austnorðausturs.

Yngstu ummerki á svæði D voru fjórar allstórar holur sem fylltar höfðu verið steinsteypu, en steypustykkinn í þeim voru tekin upp með hjálp gröfu. Holur þessar voru grafnar í gegnum því nær öll lög innan svæðisins, enda ljóslega tilkomnar á eftir þeim. Þær voru aðeins misstórar þær voru á bilinu 85 – 110 cm frá V til A og 70 -130 cm frá N til S.

Þessar steypublokkir hafa væntanlega verið undirstöður einhverra innréttinga, e.t.v. til að bera stoðir undir efri hæð í viðbyggingunni – Því eru steypublokkirnar annað hvort samtíða steypuveggjum umhverfis reitinn, [067].eða aðeins yngri.

Undir steinsteypuvegg sem afmarkaði reitinn að austan voru fjórir stórir grágrýtisteinar í röð [084]. Líklegt er að þetta séu leifar af veggjarundirstöðu, og hefur þá verið eldri viðbygging aftan við húsið frá 1801-2. Þessir fjórir steinar voru undir steypuveggjum og voru því ekki fjarlægðir við rannsóknina. Svo var að sjá að þeir sneru sléttri hlið í austur.

Efsta lagið á þessum reit var [046], það tók yfir allt svæðið, rótað grábrúnt silt, lítillega malarblandað, 15-25 cm að þykkt. Það var skorið af áður nefndum holum fyrir steypublokkir og afmarkað af steypuveggjum á allar hliðar. Í þessu lagi fundust 241 gripur, brot úr leir- og glerílátum, postulínshnappur, brot úr gluggagleri og þakhellum, kalk, beinhnappur, gjall, járn, kol, dýrabein, brot úr tóbakspípum (ein með áletruninni VERPOOL) og tvö brot úr svonefndum “Jydepotter”.

Undir [046] var [069], tæplega metri á hvorn veg, mikið móöskublandið, 5-15 cm að þykkt. Þetta lag var skert af einni af stóru holunum steypufylltu og malarfylltum skurði að norðan. Í laginu fundust brot úr tóbakspípu úr leir og brot úr leir- og glerílátum., alls 17 brot.

Einnig undir [046] var lagið [071], 3-15 cm þykkt, rótað, lag með nokkurri móösku og viðarkoli. Þetta lag náði að mestu yfir svæðið. Það var skorið af steypufylltu holunum og af malarfyllta skurðinum að norðan. Í því fundust brot úr tóbakspípum og leirilátum, þar á meðal úr svonefndum “Jydepotte” , einnig brot úr glerílátum og múrsteini.

Lagið [073] var undir [071], ljósbrúnt siltlag með fáeinum linsum af viðarkoli og móösku. Lagið náði yfir allt svæðið D og var 4-10 cm að þykkt. Að norðan var það skert af skurði fyrir steypuvegginn [042] Alls fundust í laginu 33 brot úr tóbakspípum, leir- og glerílátubrotum, og brotum úr rúðugleri.

Þar undir var [074] var lag úr möl og sandi, þétt og grátt. Það var næst steypuveggnum að vestan [042] og einnig skorið af honum. Það var 10 cm þykkt. Í því fundust þrjú brot úr leirilátum. Þetta lag gæti verið sama og [015] á svæðinu B.

Undir laginu [074] var þétt brúnt siltlag með nokkrum sandi í [077], 2-10 cm að þykkt. Í því fundust alls 10 gripir, brot úr leir- og glerilátum, járnþynna og dýrabein.

Niður í lagið [077] var grafin hola, líklega stoðarhola. Fyllingin í henni [078] var dökkbrúnt silt með smávegis sandi í. Holan sjálf [079] var kringlótt, um 28 cm í þvermál, með hliðar sem dragast að sér, 7 cm á dýpt.

[082] var ljósrautt, 4 cm þykkt móöskulag, meðfram steypuveggnum að vestan, um 3x1 m að stærð. Í því var viðarkol og smáflísar af brenndum beinum. Undir því var þunnt brúnt siltlag og annað móöskulag c.a 4-7 cm að þykkt, einsleitara og hreinnara en efra móöskulagið. Þessi þrjú lög voru tekin sem eitt. Í þeim var nokkuð af fiskbeinum, en ekki var hægt að taka þau öll upp sakir lélegrar varðveislu. Aðrir fundir voru 10 brot úr leir- og glerilátum, rúðugleri og eitt ógreinanlegt glerbrot.

Lagið [085] var undir [082]. Það var þétt dökkgrábrúnt sendið siltlag, 5-10 cm að þykkt, og þakti mikinn hluta svæðisins.

[087] var rauðbrúnt lag sem lá í dæld eða skurði meðfram steypuveggnum [067] nyrst á svæði C. Lagið var aðallega fínt silt, blandað með móösku og smásteinum, 5-8 cm að þykkt og fremur einsleitt. Í því fundust alls 49 gripir, brot úr leir- og glerilátum, rúðugleri, trénaqli, járnlamir, járnnaqli og dýrabein.

[086] var undir [087], malarlag, blandað silt og sandi, talið náttúrulegt og ekki fjarlæggt.

Milli steypuveggjarins norðan við svæði D og suðurveggjar hússins frá 1801-2 höfðu ýmsar undirstöður og nýlegt rask orðið til þess að skilja eftir lítinn stabba af jarðvegi, sem var skorinn frá öllu umhverfis, og var ákveðið að skrá lögin í honum með svæði D. Efsta lagið í stabbnum, [096] var úr dökkgrárra möl, blandaðri skeljasandi og með fáeinar flísar af rauðum og gulum múrsteinum í. Það var einsleitt og 20-30 cm að þykkt. Undir því voru lögin [098], úr dökkgráum smásteinum (ca 2-4 cm að stærð) og skeljasandi, mest þykkt 10 cm, og lagið [100], dökkgrá fylling af möl og skeljasandi, í því voru fáein brot úr rauðum og gulum múrsteini, þykkt 25 cm. Líklega eiga þessi lög, [098] og [100], saman og hafa verið nýleg uppfylling.

Undir [098] og [100] var einsleitt, brúnleitt lag úr silti með örlitlu af viðarkolalínsum

[127], Mest þykkt þess var 12 cm. Lagið var skert að austan af kolakjallara og að vestan og sunnan af steypuveggjum [067].

Númerið [129] var gefið náttúrulegu malarlagi undir [127], sem ekki var grafið í. Það er hluti af malarkambinum undir miðbæ Reykjavíkur.

Svæði E-F

Svæðið E-F var norðan við C og D, nyrst á rannsóknarsvæðinu. Að sunnan afmarkast þau af steinsteyptum veggjum [042] og [067], að austan af steypum



Mynd 10: Horft til norðurs yfir uppgriftarsvæðið. Rétt hægra megin við miðju má sjá eldstæði Austurstrætis 22 innpakkað og eru svæði E og F sitt hvoru megin við það. Vinstra megin á myndinni eru svo svæði G og H.

veggjum á lóðamörkum að Lækjargötu 2, að norðan af Austurstræti. Svæðið fékk tvo einkennisbókstafi vegna þess að það skiptist í miðju af miðstöðvarkjallara sem verið hefur undir húsinu frá 1801-2. Mestallan þann tíma sem uppgröftur stóð yfir stóðu leifar af eldstæði úr húsinu enn á lóðinni, og varð uppgröfturinn að fara fram umhverfis það. Smíðað var utanum eldstæðið og var því að lokum lyft í heilu lagi og það flutt á brott. Hér verður fjallað um svæðin E og F saman.

Þegar uppgröftur hófst var á svæðinu E-F mikið af sjávarmöl, sem hafði verið sett



Mynd 11: Unnið að innpökkun eldstæðisins. Horft til austurs.

sem fylling undir timburgólf í húsinu og var hún fjarlægð með gröfu. Malarlagið var þykkt og í því lágu stórir steinar, trúlega úr röskuðum hlutum grunnsins. Þegar þetta hafði verið hreinsað burt kom fram steypdur kjallari, líklega miðstöðvarkjallari, og fengu leifar hans númerið [042].

Kjallari þessi hefur verið grafinn eftir að húsið var reist (trúlegt að það hafi verið gert á þeim árum sem Haraldarbúð var rekin í húsinu). Kjallarinn var nokkuð djúpur, gólf hans var í hæðinni um 1,30 m y.s., mjór gangur (1,8 m að breidd) gekk undir gamla eldstæðið. Lengd á þeim hluta var ekki mæld, þar eð ekki þótti ráðlegt að fara inn í kjallarann meðan eldstæðið stóð yfir honum, og óvíst var um traustleika á gólfi. Suðurendi kjallarans var breiðari, 3x2,8m m. tröppur voru niður í kjallarann úr einni af steypdu viðbyggingunum. Á suðurhlið kjallara mátti sjá ummerki um kolarennu, rás í steypuvegginn með halla inn í kjallarann. Steypt þrep lágu niður í hann að sunnanverðu og við hlið þeirra voru leifar af rennu í steypuveggnum, sem gera má ráð fyrir að hafi verið þar sem kolum var sturtað niður í kjallarann. Steypuveggirnir tengjast undirstöðuveggjunum sem eru númeraðir [067]



Mynd 12: Kolakjallarinn. Horft til norðurs.

Mokað var upp úr kjallaranum með gröfu, hann hafði verið fylltur af ýmsu rusli. Innan um það voru brot úr miðstöðvarkatli úr steypujárni. Að höfðu samráði við Árbæjarsafn var þeim brotum fargað. Veggir í hluta kjallarans voru flestir steptir, en nokkuð af þeim hluta sem lá undir eldstæðið var hlaðið úr steypum einingum.

Veggjarstúfur [065] var að nokkru yfir undirstöðum norðurveggjar hússins frá 1801-2 [089]. Þessi veggur var úr tilhöggnum steini og sementssteypu. Hann er örlitlu norðar en [089], og er túlkaður sem viðbót sem komið hafi til við síðari endurbætur á húsinu frá 1801-2, undirstaða sett vegna nýrrar klæðningar á framhlið.

Austan við austurvegg hússins frá 1801-2 [090] voru einingarnar [063] og [064], og eru þær yngri en húsið. Einingin [063] var dökkbrúnt siltlag með sandi og mól og smávegis móösku, 10-15 cm þykkt, takmarkað að austan af steypuvegg á lóðamörkum og að vestan af skurði fyrir frárennslisrör. [064] var fylling úr mól og sandi austan við húsið frá 1801-2, hún var í gömlum lagnaskurði, mól og sandur, fyllingin skorin af tveimur öðrum lagnaskurðum, þykkt hennar var 30-40 cm. Undir þessum lögum var komið niður á malarkambinn sem var undir öllum

mannvistarlögum á lóðinni.

Á sunnanverðu svæðinu E var lagið [068], gulrauðbrúnt lag úr silti og leir, mest 15 cm þykkt, 66 fundir í því, pípur, leirkersbrot o.fl. Eining þessi og þær sem undir henni voru lágu utan við grunn hússins frá 1801-2, og má túlka flestar þeirra sem rask frá því eftir byggingartíma hússins.

Undir [068] var lagið [070], Flekkótt en einsleitt lag úr leir og silti, mest 8 cm að þykkt, í því 37 fundir, leirkersbrot, glerbrot (ílát og gluggagler), járnnaclar ofl

[072] var lag úr ljósleitum sandi, undir [070], mest 7 cm þykkt. Undir því var einingin [043], óregluleg steinaröð sem lá austur og vestur, grágrýtissteinar, misstórir, 10-70 cm á lengd.

[075] var sunnan við [043], og tengist því, það eru nokkuð reglulegir steinar á bilinu 20-40 cm að lengd. Bæði þessi lög má sennilega túlka sem raskað garðlag. Undir [075] var flekkótt lag úr brúnu silti og sandi, með smávegis móösku í, mest 10 cm þykkt [076]. Mörg brot af tóbakspípum úr leir komu úr þessu lagi (m.a. eitt með upphafsstöfunum A og R, hvorum sínum megin á pípuskeggi), einnig brot úr leir og gleri.

Undir [076] var þétt malar- og sandlag, [081]svargrátt og rauðbrúnt, mest 10 cm þykkt. Undir því var lagið [083], mjúkt bleikleitt siltlag með nokkru af viðarkoli í, mest 8 cm þykkt. Í því fannst eitt brot úr tóbakspípu úr leir, eitt brot úr leiriláti og eitt glerbrot.

[093] var malarlag undir steinunum í [043], möl og sandur sem nokkrum múrsteinsbrotum í, 5-20 cm að þykkt.

Dökkbrúnt lag úr silti, sandi og möl [094] með skeljabrotum var undir [083]. Það var um 40 cm þykkt, og skorið af lagnaskurði [105] að norðan. Þunnt sandlag var neðst í laginu sem grafið var með því (1-2 cm). Fundir í 094 voru 22, brot úr tóbakspípum, leir- og glerilátum, gluggagleri og steinkolum.

[095] var fínt rauðleitt siltlag með móösku, viðarkoli og örlitlu af möl. Það var skorið af lagnaskurði [105]. 1-2 cm að þykkt. 8 leirkersbrot og eitt brot úr gluggagleri fundust í laginu.


Lagið [112] var lag með möl og smásteinum, dökkbrúnt, mest 5 cm að þykkt.

Einingin [114] var norðan við lagnaskurðinn [105] á svæðinu E. Það var nokkuð þétt

rauðbrúnt siltlag með örliðu viðarkoli í, mest 5 cm að þykkt. Eitt brot úr pípulegg og eitt glerbrot fundust í þessu lagi. Undir því var lítið hreyft siltlag [125], sem einnig lá undir leifum hússins frá 1801-2

Einingin [105] var mjór skurður fyrir vatnsrör sem lá inn á syðri hluta svæðisins E, og skar hann í gegn um austurvegg hússins frá 1801-2 [089] Skurðurinn var 0,7-0,9 cm á breidd og skar gegnum öll lög og niður í malarkambinn. Mjótt vatnsrör var í skurðinum.

Leifar hússins frá 1801-2 fengu hópnúmerið [090]. Í þann hóp falla einingarnar [089], [091], [097], [099] og [101]. Einingarnar [099] og [101] eru leifar af garðveggjum



Mynd 13: Yfirlitsteikning sem sýnir sökkla hússins sem stóð við Austurstræti 22 (einingar [088],[089],[097]) ásamt leifum grjóthlaðins garðs (einingar [099], [101], [140]) og yngri grjótlögn (eining [091]).

austan hússins, í reitnum G.

Númerið [091] var gefið óreglulegu lagi úr stórum steinum, sem lá sunnan við norðurvegg hússins frá 1801-2. Líklegt er að þetta grjótlag hafi komið til við endurbætur og breytingar á húsinu, og er líklegt að steinarnir séu úr undirstöðuveggjum. Þeir eru misstórir frá 20 til 100 cm að lengd, og liggja á þéttu dökkbrúnu siltlagi [125].

Veggjarundirstöður þær sem enn lágu á sínum stað voru úr stórum grágrýtissteinum. Víðast hvar var aðeins eitt umfar steina, en þó voru á stöku stað steinar úr annari röð ofan á. Grunnurinn eins og hann var grafinn upp, var um 50 – 60 cm hár. Ekki voru sjáanleg ummerki um að steinaröðin hafi verið grafin niður, og má telja líklegt að þeir hafi verið lagðir á yfirborð eins og það var þegar húsið var reist. Grágrýtið var yfirleitt ekki vatnssorfið. Líklegt er að það sé fengið úr holtinu austan við Lækinn. Húsgrunnurinn var (að utanmáli) um 12 m langur og breidd hans var 8,40 m þar sem hægt var að mæla hana, en mikinn hluta af undirstöðu suðurveggjar vantaði og hefur hún verið fjarlægð við síðari framkvæmdir á staðnum. Allir sneru steinarnir sléttri hlið út, þ.e. norðurveggur sneri sléttu hliðinni í norður, í vesturvegg sneri hún í vestur og í austurvegg í austur. Norðurveggur fékk númerið [097] en austur-, vestur- og suðurveggur [089]. Austur- og vesturveggur lágu hornrétt á Austurstræti.

Lítið var eftir af undirstöðum suðurveggjar, og hafði hann verið mikið skertur af síðari viðbyggingum, ekki hvað síst kolakjallaranum [142]. Aðeins var eftir stuttur bútur af vestasta hluta hans.

Steinarnir í öllum veggjunum hvíldu á dökkbrúnu siltlagi [124] og [125]. Steinarnir voru ekki fjarlægðir við uppgröft, enda átti að geyma þá vegna fyrirhugaðrar endurbyggingar hússins frá 1801-2.

Lagið [125] var einsleitt þétt brúnt siltlag, undir [114] og [096] og lá yfir öllu svæðinu D. Það var allt að 10 cm að þykkt og var skert af [105]. Þetta er sama lag og það sem tölusett er [124] á svæðinu F. Þar var það nokkru þykkara eða allt að 20 cm. Undir 124 og 125 var náttúrulegt malarlag, þ.e. malarkamburinn sem er undir miðbæ Reykjavíkur, fornt malarrif (hér tölusett [126] og [115]). Grafið var niður í lagið með gröfu á nokkrum stöðum eftir að uppgræfti lauk á svæðunum E og F til að staðfesta að hér væri malarkambinum náð.

Svæði G

Vestur af reitunum E og F var reiturinn sem einkenndur var með bókstafnum G. Þar voru ekki mjög mörg lög og hafði greinilega orðið töluvert rask á fyrri hluta 20. aldar.

Á þessum stað mun hafa verið garður við húsið frá 1801-2, og sést á myndum. Einnig má sjá þarna útihús á gömlum ljósmyndum. Ekki komu fram nein merki um þá byggingu eða aðrar við rannsóknina.



Mynd 14: Horft til Norðurs yfir svæði G.

Reiturinn afmarkaðist að norðan af mörkum uppgriftarsvæðisins við Austurstræti, að austan af vesturvegg hússins frá 1801-2, að vestan af steypubálki sem lá eftir rannsóknarsvæðinu endilöngu, og að sunnan var einingin [099], steinaröð í framhaldi af suðurvegg hússins frá 1801-2, látin ráða mörkum.

Efst á þessum reit var malarlag sem fjarlæggt var með gröfu, talið með efsta laginu [001], stórgerð sjávarmöl með fáeinum steinum og steinsteypubrotum í, allþykkt lag, víða um 40-50 cm. Samskonar möl var efst í reitunum E og F.

Undir [001] komu fram tvær holur, sem fengu einingarnúmerið [117] þær voru ílangar og hálfsporöskjulaga og voru uppvið steypubálk þann sem var vestan við reitinn [067]. Fyllingin í þessum holum var möl, silt, steypumolar og múrsteinsbrot.

Undir [001] komu einnig fram tvær steinaraðir, sem lágu austur og vestur, [101] að norðan og [099] að sunnan (sjá yfirlitsteikningu 13 hér að framan). Þetta voru einfaldar raðir af ótilhöggnu grágrýti, steinarnir voru á bilinu 40-70 cm langir og 60 cm breiðir. Steinaraðir þessar voru í framhaldi af húsgrunninum frá 1801-2. Á stöku stað laddi enn steinsteypa úr yngra gólfi við steinana. Steinarnir sneru sléttri hlið út úr garðinum, þ.e. röðin [101] sneri sléttri hlið í norður og röðin [099] í suður.

Undir [001] voru tvær steinaraðir, [101] nyrst og [099] syðst (hluti af hópnum 090, í framhaldi af [097] og [099]). Þessar voru einfaldar steinaraðir sem sneru sléttri hlið út úr garðinum. Steinarnir í þessum veggjum voru allstórir grágrýtissteinar, ekki sjáanlega tilhögnir, en sléttri hlið þeirra snúið út úr garðinum. Þessar einingar teljast til hópsins [090], sem eru leifar hússins frá 1801-2.

Efsta lagið undir einingunni 101 var [104], einsleitt, 8-12 cm þykkt siltlag sem var skert af [117]. Í þessu lagi fundust allmargir gripir, 196, þ.á m. brot úr leirílátum, tóbakspípum, glerhlutum og gluggagleri, og óskilgreinanlegur hlutur úr koparblöndu, hlutar af húsbúnaði, járngríp, naglar, gjall og dýrabein.

Fínt móöskulag [113] með örlitlu af viðarkoli í var undir [104]. Það var fremur einsleitt, 1-4 cm að þykkt skert af [107], [109] og [111].

Einingin [115] var undir [113], það lag er blanda af sandi og silti, 2-4 cm að þykkt. Undir því var komið niður á náttúrulega möl [115].

[107] var hola með malarfyllingu [106]. Var hún með brattar hliðar, sléttan botn, grafin niður í náttúrulegan jarðveg og um 18 cm á dýpt. Var holan í norðaustur-hluta svæðis G og beint undir yfirborðsjarðvegi [001].

[109] var hola með malarfyllingu [108]. Var hún hálfhringlaga með brattar hliðar, nokkuð flatann botn og um 8 cm djúp. Var hún beint undir yfirborðsjarðvegi [001].

Hola [111] var hola fyllt sandi og möl [110]. Var hún nærri norðurjaðri svæðis G og um 10-20 cm á dýpt. Var holan beint undir yfirborðsjarðvegi [001].

Svæði H

Reiturinn H er ílangur reitur sunnan við G. Hann afmarkast að vestan af steypubálki sem lá um þvert rannsóknarsvæðið vestarlega, að norðan af syðri garðvegg [099], að austan og sunnan af steiptum veggundirstöðum. Efst var þunnt móöskulag [102] á suðvesturhorni svæðisins, fínt rauðgult og smávegis möl í því. Það var 1-5 cm að þykkt, og virtist skert að norðanverðu, úr þessu lagi komu sex fundir, glerbrot, nagli, múrsteinn, bein. Þetta lag lá ofan á [103], sem var dökkbrúnt malarborið lag með lítilsháttar viðarkoli og móösku, 10-20 cm að þykkt, og náði yfir mest allt svæðið H. Í því lagi fundust margir gripir, 269, brot úr leir- og glerílátum, gluggagleri, múrsteinsbrot, enskt penni slegið 1862, járngríp, gjall, steinkol og dýrabein.

Tvær holur skárust niður í lagið [103], þær fengu númerin [118] og [119], þessar



Mynd 15: Hort til norðurs yfir svæði H.

holur skárust í gegnum öll lög þar undir og niður á malarkambinn. Ekki er ólíklegt að þær hafi verið ætlaðar til að taka við vatni úr þakrennum. Þær voru fylltar möl og smásteinum.

Undir laginu [103] var [120], grunn renna sem lá norður og suður, með hallandi hliðum og ávölum botni. Hún var rúmlega 2 m að lengd og 40-50 cm breið. Í henni var nokkuð af smáum steinum, en hún var skorin niður í lagið [116].

Vestan við rennuna [120] var kringlótt hola [121] með steinum, trúlega stoðarhola. Austan við rennuna [120] var steinahrúga [122] sem gæti hafa verið fylling í stoðarholu.

Einnig undir [103] var [123] þunnt móöskulag, 2-3 cm. Í því fannst eitt brot úr tóbakspípu úr leir og tvö brot úr leirílátum.

Sömuleiðis undir [103] var lagið [116], mjúkt rauðbrúnt siltlag, með möl og smásteinum og miklu af viðarkoli. Í því voru einnig brot úr múrsteini og þakhellu. Það var 5-15 cm að þykkt. Úr þessu lagi komu 99 gripir, brot úr leir- og glerílátum, gluggagler, vír úr koparblöndu, járnaglar, gjall, steinkol og dýrabein.

Undir þessu lagi var komin niður á þrjár holur, tvær þeirra voru að líkindum stoðarholur og skáru báðar hina þriðju sem var mun stærri. [128] var mjög fínt dökkgrátt malarlag, með smásteinum og sandi, 4-10 cm að þykkt, fylling í holunni [138]. Það og holan voru skert af stoðarholunum [135] og [137]. Þær voru ferhyrndar, 13x18 cm og 14x8 cm að stærð og 15 cm djúpar, með beinum hliðum og mjókkuðu í odd. Fyllingin í þeim, [134] og [136] var úr fíngerðri gráleitri mól og viðarleifum. Hóla [138] sem fyllingin [128] lá í, lá austur og vestur, óreglulega ferhyrnd með flötum botni, 4 m að lengd, 1-2 m á breidd og 10 cm að þykkt. Hún var skert af [135] og [137].

Undir laginu [116] var lagið [133], skorið í tvennt af [138]. Það var mjúkt brúnt siltlag með blekkjum af móösku og viðarkoli, mest þykkt 30-35 cm. Neðsti hluti lagsins var hreinna og óblandaðra silt, um 10 cm þykkt, en það var fjarlægt með hinum hlutum lagsins. Úr laginu komu nokkrir hlutir, tvö brot úr pípuleggjum, þrjú leirilátbrott, járnagli og dýrabein. Á norðaustur horni svæðisins og undir [133] var mjúkt dökkbrúnt siltlag með móösku og viðarkolum, skýrt afmarkað og um 7 cm að þykkt. Undir [133] og [139] var lag númerað [115], það er mól og sandur, gráleitt og einsleitt, og er greinilega malarkamburinn. (Hæð hans er 2,03-2,23 m.y.s.).

Svæði I.

Svæðið I var vestan við A, B, G og H, meðfram endilangri vesturhlið rannsóknarsvæðis. Það afmarkaðist að austan af steiptum bálk, sem náði um þvert svæðið og var um 23 m langur, en að öðru leyti af lóðamörkum. Á skákinni vestanverðri var djúpur lagnaskurður og höfðu því engar minjar varðveist á þeim hluta. Þarna hafa ekki staðið byggingar á 20 öld svo vitað sé, en eftir þessu svæði var áður aðkoma að húsi Nýja bíós. Vegna þess að þarna stóðu ekki byggingar hafði lögnum að húsi Nýja bíós verið komið þarna fyrir.

Strax og búið var að hreinsa ofan af var komið niður á [140], framhald af garðvegg norðan garðs þess er verið hafði vestan hússins frá 1801 (hluti af hópnum [090], sjá yfirlitsteikningu 13 hér að framan). Þessi steinaröð stefndi austur og vestur, eða eins og Austurstræti og var nyrst á skákinni. Varðveittir voru 6-8 steinar, samskonar grjót og í veggjarbútunum [099] og [101]

Steypubálkur sá er afmarkaði svæðið að austan var steiptur ofan á 2-3 steina í undirstöðum norðurveggjar en vestan hans voru eftir 3 til 4 steinar úr þessu garðlagi.



Mynd 16: Horft til norðurs yfir svæði I.

Einn þeirra var úr lagi genginn, og skörð voru í röðina. Aðeins var eitt umfar vestan við steypubálkinn, en undir honum sást tvö umför. Vegna síðari tíma rasks var steinaröðin ekki í samhengi við önnur lög á svæðinu.

Á eystri hluta svæðisins, austan við stóra lagnaskurðinn voru allmörg mannvistarlög. Á norðanverðu svæðinu var fyrst komin niður á lagið [141], einsleitt þétt dökkbrúnt siltlag. Það var allt að 7 cm þykkt, rúmir 7 metrar að lengd og 2,5 að breidd. Örlítið var í því af viðarkolaögnum. Það var skert af lagnaskurðum. Í þessu lagi fundust fimm brot úr leirilátum og eitt brot úr gleríláti.

Lagið [142] var undir [141], það var fínt bleik-grátt lag úr silti og sandi með mól og viðarkolum í. Mest þykkt þess 5-6 cm, og stærð ca 3x1 m. Undir því var [143], lag úr fínum sandi og silti, grásvart, mest 5-6 cm þykkt, ca 5x1 m að stærð.

Undir [141] í norðvesturhluta svæðisins I var rauðgult siltlag, óhreyft, [144], að austan og norðaustan skert af lagnaskurðum.

Einingin [146] var sunnar á svæðinu og kom fram strax við hreinsun, grábrúnt lag úr silti, sandi og mól og smásteinar í því, einnig nokkrir steinar og múrsteinsbrot.

[145] var sandlag undir [143], [144] og [146], talið náttúrulegt og því ekki grafið.

Um miðbik svæðis I austan við lagnaskurð var lag úr móöskublöndu, [147], fínt og einsleitt, dökkbrúnt silt með viðarkoli, allt að 8 cm þykkt. Það var afmarkað af steypuvegg og lagnaskurði, um 4,5x1 m. Undir því var lagið [148], mjög blandað og flekkótt dökkbrúnt siltlag með möl og viðarkoli, mest þykkt 12 cm. Það var skert að vestan og sunnan af lagnaskurðum, ca 2,5x1 m að stærð. Í þessu lagi fannst nokkuð af gripum, brot úr leir, gleri, naglar, gjall o.f. alls 131 gripir.

Móöskulagið [151] var undir [148], mjúkt lag úr silti, brúnt eða svartleitt, innihélt kol og fáeinar linsur úr möl og sandi. Það var fremur þykkt, og þykkast að sunnanverðu, um 40 cm. Það var skert af lagnaskurði að vestan og takmarkað af steypubálki að austan, rúmlega 6x1 m. Í því fannst töluvert af gripum, brot úr leir, glerílátum, gluggagleri, tóbakspípum úr leir, nærri heil tóbakspípa úr postulíni, postulínshnappur, vefnaðarpjöttlur, járnaglar og dýrabein.

[153] var undir [151]. Það var einsleitt brúnt siltlag með smávegis móösku og viðarkolum. Þykkast var það 10 cm og ca 2x1 m. Það var skert að vestan af lagnaskurði og að austan af steypuvegg [067]. Undir því var [155], lag úr möl, sandi og smásteinum, skert að vestan af lagnaskurði og afmarkað af vegg [067] að sunnan. Þetta lag er trúlega framhald af svipuðu lagi á svæði H, einingu [128].

Lögin [156] og [157] voru samskonar lög, en tengdust ekki. Litur þeirra var svarbrúnn, með viðarkolalinsum á stöku stað, mest 8 cm þykk. Þau voru skert af lagnaskurði og veggnum [067].

[149] var lag úr mjúku leirkenndu silti rauðbrúnt með svargráum linsum, 1-2 cm þykkt. Skert af lagnaskurðum. Lagið [150] var svart sandlag, 1-2 cm, undir [149].

Lagið [152] var þétt blandað siltlag, með örlitlu af viðarkoli og möl. 10-20 cm að þykkt, náði yfir miðbik og suðurhluta svæðis I. Í því fundust nokkur brot úr leir- og glerílátum.

Undir [152] var [154], óhreyft lag úr sandi og möl (malarkamburinn).

Malarlagið [160] var undir [152] á syðri hluta svæðisins, það var á bilinu 7 til 20 cm. Undir því var móöskublendað rauðgult lag með viðarkolum í, 2-3 cm þykkt [161]. Bæði nokkur hluti [160] og lagið [161] lágu í holu [162] sem var 10 cm djúp að norðan og 5 cm djúp að sunnan, með beinum hliðum og flötum botni. Óreglulega ferhyrnd 2,10-2,60 á lengd og 1,20 á breidd, grunn, 5-10 cm, skorin niður í áður nefnd lög.

Undir henni var [163], dökkbrúnt einsleitt siltlag, allt að 15 cm þykkt, skert af lagnaskurði og af [162]. Undir því var [164], náttúrulegt lag, og ekki grafið upp, sama og [145] og [154], þetta var malarkamburinn. Hæð hans hér var 2,04-2,29 m.y.s.

Uppgröftur á lóð Lækjargötu 2

Uppgröfturinn á lóð Lækjargötu 2 hófst þann 15. janúar 2009. og stóð hann yfir, með hléum, fram til 7. apríl 2009, en aðstæður voru oft á tíðum erfiðar vegna veðurs og þurftu starfsmenn oft frá að hverfa af þeim sökum. Verkstjórn var í höndum Uggva Ævarssonar og Oddgeirs Hanssonar, en aðrir starfsmenn voru Etel Colic, Garðar Guðmundsson, Hildur Gestsdóttir, Howell Magnús Roberts, Kristborg Þórsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Mjöll Snæsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Stefán Ólafsson. Voru þessir starfsmenn þó ekki allir að störfum á sama tíma heldur voru menn kallaðir til þegar þurfa þótti.

Framkvæmd


Þegar Fornleifastofnun kom að verkinu höfðu veggir hússins við Lækjargötu 2 verið fjarlægðir niður að grunnbitum burðargrindar þess sem lágu ofan grjóthlöðnum sökklum. Fólst verkið fyrst í stað í því að hreinsa svæðið en undirstöður hússins voru síðan skrásettar af starfsmönnum arkitektastofunnar Gullinsniðs ehf. sem meðal annarra kemur að endurbyggingu hússins.

Við hreinsun svæðisins kom í ljós að sökklar hússins sátu á og voru grafnir niður í



Mynd 17: Horft til suðurs yfir undirstöður hússins sem stóð við Lækjargötu 2.

eldri mannvistarlög sem náðu yfir alla lóðina og voru af þeim sökum grafnir sex könnunarskurðir (SK1-6) víðs vegar um svæðið til þess að kanna umfang þeirra.




Mynd 18: Einfölduð yfirlitsteikning sem sýnir staðsetningu könnunarskurða 1-6.: Uppmælingar Gullinsniðs ehf. á gólfbitum jarðhæðar hússins eru sýndir til nánari glöggvunar á afstöðu skurðanna ásamt hluta af grjóthleðnum undirstöðum veggja hússins sem teiknaðar voru við fornleifauppgröftinn.

Reyndist þykkt mannvistarlaganna vera umtalsverð eða mest um 1,5 m austast (SK2, 4 og 6) en 1 m vestast (SK5) auk þess sem sást í grjóthleðslur í tveimur skurðanna

(SK1, 3, og 4). Var af þessum sökum ákveðið að ráðast þyrfti í fullnaðaruppgröft á svæðinu. Var svæðið grafið samkvæmt kúnstarinnar reglum (sjá umfjöllun um aðferðir hér að framan) en þó var reynt að notast við skurðgröfu eins og kostur var á meðan á uppgreftinum stóð til þess að flýta fyrir framgangi verksins.

Fornleifarnar

Skipta má þeim mannvistarlögum og mannvirkjum sem fundust á svæðinu í þrjá megin minjahópa: Minjahóp [617] sem nær yfir mannvistarlög og mannvirki sem voru hluti af eða samtíða húsinu stóð við Lækjargötu 2. eða frá því eftir 1852, minjahóp [619] sem nær yfir mannvistarlög og mannvirki frá því fyrir 1852 eða eldri en Lækjargötuhúsið, en samtíða húsinu við Austurstræti 22 sem byggt var á árunum 1801-1802 og minjahóp [620] sem nær yfir mannvistarlög eldri en minjar í hópi [619] eða frá því fyrir 1801.




Mynd 19: Flæðirit sem sýnir aldursröð minjahópa sem grafnir voru upp á lóð Lækjargötu 2

Verður greint frá þessum minjahópum í sérköflum í eftirfarandi umfjöllun og verður fjallað um þá í aldursröð, þ.e yngsti minjahópurinn fyrst en sá elsti síðast.

Hópur [617]

Hópur [617] inniheldur húsið sem stóð við Lækjargötu 2 auk mannvistarlaga og mannvirkja sem voru samtíða því. Húsinu sjálfu verða gerð skil í úttekt Gullinsniðs ehf. á því en eins og fram hefur komið voru undirstöður þess fjarlægðar að mestu með skurðgröfu að lokinni skrásetningu. Innveggir hússins sátu allir á eldri mannvistarlögum en útveggir hússins voru hins vegar að mestu niðurgrafnir og því voru þeir skildir eftir fyrsta kastið til þess að valda sem minnstri röskun á eldri minjum. Voru þeir hlutar útveggjanna, sem voru skildir eftir og voru inn á svæðinu, skráðir við fornleifarannsóknina eftir kúnstarinnar reglum þar sem þeir höfðu áhrif á eldri mannvistarlögin. Var um að ræða suður- og vesturvegg elsta hluta hússins (einingar [564] og [561]) og vesturvegg viðbyggingar frá 1875 (eining [562]) Þegar innveggirnir höfðu verið fjarlægðir var svæðið hreinsað aftur og komu þá í ljós leifar grjóthlaðins ræsis (undirhópur [531]) um 1,5 m vestur frá miðjum vesturvegg húshlutans frá 1871.

Var ræsið niðurgrafið að með timburborðum í botni og var niðurgröftur fyrir það



Mynd 20: Einfölduð yfirlitsteikning af minjum í hópi [617]

(eining [622]) 1,9 m á lengd og 0,4 m á breidd. Nokkuð veglegar grjóthleðslur (eining [532]) voru meðfram vestur og austurjaðri þess og var í báðum tilvikum um að ræða eitt umfar af steinum sem snéru sléttu hliðinni að ræsinu. Um 0,7 m austan við ræsið var svo óregluleg röð steina (eining [533]), einnig eitt umfar sem hugsanlega voru leifar af vegg. Sigfús Eymundsson sem átti húsið við Lækjargötu 2 fékk leyfi til að byggja hesthús á lóðinni árið 1897 og árið 1900 fékk hann svo leyfi til að byggja útihús sem innihélt hesthús, fjós og geymslu (sjá ágrip af sögu hússins hér að framan). Er talið hugsanlegt að ræsið sé leifar flórs í öðru hvoru þessara húsa.



Mynd 21: Horft til norðurs eftir flórnum í undirhópi [531]

Aðrar minjar í hópi [617] voru tveir lagnaskurður, einingar [616] og [614]. Lá skurður [616] á milli norður og suðurmarka lóðarinnar rétt vestan við húsið og innihélt hann klóaklögn og vatnslögn og lágu greinar úr hvoru tveggja að húsinu. Skurður [614] lá frá skurði [616] meðfram suðurmörkum lóðarinnar út í lækjargötu og innihélt hann klóaklögn.

Hópur [619]

Hópur [619] innihélt mannvistarlæg og mannvirki sem voru eldri en minjarnar í hópi [617]. Fram hefur komið að útveggir hússins sem við Lækjargötu 2 voru grafnir niður í gegnum eldri mannvistarlæg. Fyrst skal telja röð nokkuð þykkra móöskuríkra mannvistarlaga (í aldursröð: einingar [539], [538], og [537], og [563]) sem náðu yfir allt uppgraftarsvæðið. Var líklega um að ræða úrgangslög frá húsinu við Austurstræti 22 og innihéldu þau talsvert af beinum, glerbrotum og leirkersbrotum. Meðfram austurjaðri svæðisins, undir lagi [537] var svo samþjappað malarlag (eining [545]



Mynd 22: Hluti af malarlagi [545]. Horft til norðurs

sem virðist hafa verið sett niður sem jöfnunarlag og undir því tók svo við þykkt samþjappað móöskulag (eining [566]) blandað lífrænum leifum sem innihélt nokkuð af leirkers og glerbrotum. Það, hversu samþjöppuð lög [545] og [566], voru bendir til að talsvert hafi mætt á þeim hugsanlega vegna umferðar gangandi fólks. Undir lagi [566] var svo komið niður á mikla grjótbreiðu (eining [567]) sem náði yfir stærstan hluta uppgraftarsvæðisins (sjá myndir 23 og 24 hér að neðan) og sat hún í gulleitu torfríku moldarlagi (eining [565]). Austurjaðar grjótlagnarinnar var úr stóru reglulegu hleðslugrjóti yfirleitt 1-2 umför og nokkuð vandlega hlaðinn, en þar vestan við var hún úr þéttri tilviljanakenndri dreif óreglulegs grjóts af ýmsum stærðum.



Mynd 23: Horft til norðurs yfir grjótlögn [567]



Mynd 24: Grjótlögn [567] horft til norðausturs.

Grjótlögnin náði á milli norður og suðurjaðra uppgraftarsvæðisins og var hún mest um 7 m á breidd. Á korti frá 180116, sem sýnir Reykjavík ásamt nærliggjandi býlum




Mynd 25: Yfirlitsmynd þar sem nútímagrunnkort af borginni hefur verið lagt yfir kortið frá 1801.

sést hvernig lækurinn sem nú rennur undir lækjargötunni breiðir talsvert úr sér á þeim slóðum þar sem húsið við Lækjargötu 2 var síðar byggt á. Hefur grjótlögnin greinilega verið sett niður til þess að hefta niðurbrot úr bakkanum af völdum lækjarins og torf (eining [565]) hugsanlega verið lagt ofan á hana til þess að jafna yfirborðið. Hefur lækurinn gengið allnærri grjótlögninni á stundum þar sem nokkur uppsöfnun hafði greinilega orðið á svargráu, fingerðu, lífrænu og sandkenndu lækjarseti sem lá í nokkrum lögum (einingar [502]-[512],[547], [548] og [549]. Sjá einingaskrá í viðauka) upp að henni austanverðri. Voru þessi lög jafnframt blönduðum úrgangi frá mannabústöðum, þ.e beinum, glerbrotum, leirkersbrotum, móösku, viðarkolum o.fl. sem varpað hefur verið í lækinn.


16 Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur I. Reykjavík 1929, bls. 160-161.

Að lokinni skrásetningu var grjótlögnin fjarlægð með skurðgröfu en því næst var ákveðið að vélgrafa þrjá könnunarskurði (SK7,8 og 9) til þess að kanna umfang og dýpt mannvistarlaga sem eftir voru á svæðinu.



Mynd 26: Teikning af grjótlögn [567]

Áttu sniðin í skurðunum það sameiginlegt að efst í þeim var þunnt móöskulag sem vestast lá beint ofaná sjávarmöl í nokkrum lögum sem hallaði nokkuð skarpt til austurs í átt að læknum og blandaðist mölin meira fíngerðu lífrænu seti eftir því sem austar dró, líklegast framburði úr læknum. Heimildir eru fyrir því að um 1840 hafi lækjarbakkinn verið styrktur og farvegurinn lækjarins dýpkaður. Er mögulegt að



Mynd 27: Yfirlitsteikning sem sýnir staðsetningu könnunarskurða 7-9

grjótlögn [567] hafi verið hluti af þeirri framkvæmd. Talsvert lítil uppsöfnun mannvistarlaga virðist þó hafa orðið undir grjótlögninni sem mætti skýra með því að úrgangi frá Austurstræti 22 hafi einfaldlega verið varpað beint í lækinn en einnig getur þetta bent til þess að grjótlögnin sé eldri, eða frá því stuttu eftir að húsið við Austurstræti 22 var byggt árið 1801-02. Þrátt fyrir að snið í könnunarskurðum 7-9 hafi að mestu verið samsett úr náttúrulegri sjávarmöl og lækjarseti var þó ekki alveg séð fyrir endann mannvist í á svæðinu þar sem komið var niður á grjóthleðslur úr torfi og grjóti austast í skurði 9 sem virtust liggja undir framburði úr læknum. Frekari vélgröftur á svæðinu átti síðan einnig eftir að leiða í ljós leifar grjóthlaðins garðlags vestarlega á syðri helmingi þess en frá þessum minjum verður greint í umfjöllun um hóp [620] hér að neðan.

Hópur [620].

Hópur [620] inniheldur mannvistarlög og mannvirki eldri en minjar í hópi [619] og jafnframt elstu minjarnar sem fundust við uppgröftinn á lóð Lækjargötu 2. Var um að ræða greinilegar grjóthleðslur úr torfi og grjóti (eining [605]) sem fundust í skurði 9 og leifar grjóthlaðins garðlags (eining [603]) sem fannst vestarlega sunnanmegin á uppgraftarsvæðinu eftir að ákveðið var að ráðast í frekari vélgröft þar sem snið skurða 7 og 8 virtust benda til að komið væri niður úr allri mannvist.

Torf og grjóthleðslur [605]

Torf og grjóthleðslur [605] sem fundust í skurði 9 í suðvesturhorni svæðisins ollu



Mynd 28: Torf og grjóthleðslur [605]. Horft til austurs.

nokkrum heilabrotum í fyrstu. Strax við hreinsun á þeim fór að glita í bein m.a hrosshauskúpu og kjálkabein úr hundi og var því talið mögulegt að um kuml eða dys væri að ræða og var reynt að nálgast minjarnar út frá þeim forsendum til að byrja með. Var t.d byggt skýli yfir þær til þess að verja þær ágangi veðra og vinda. Uppgröftur leiddi þó í ljós að ekki var um kuml eða dys að ræða heldur samfelldan ramp úr torfi og grjóti sem sat ofan á fingerðri náttúrulegri mól. Var hann um 5 m á lengd (austur-vestur), um 3 m á breidd við vesturenda og um 1,5 m á breidd að

austanverðu. Hækkaði hann aflíðandi til austurs og var hleðsluhæð hans mest um 0,5 m við austurendann, en um 0,1 m að vestanverðu. Lá hann undir dökku lífrænu og leirkenndu lækjarseti (eining [569]) og var talið líklegt að um væri að ræða sporð á brú yfir lækinn. Leiddi athugun á áðurnefndu Reykjavíkarkorti frá 180117 (sjá umfjöllun um hóp [619] hér að framan) í ljós að þar er sýnd gata sem lá yfir lækinn, á brú, á svipuðum slóðum. Beinín sem fundust á og við rampinn voru öll við vesturenda hans þar sem hann var lægstur og var talið líklegt að þau hefðu borist þangað með framburði úr læknum.

Garðlag [603]


Garðlag [603] fannst eins og fram hefur komið við vélgröft vestarlega á suðurhluta



Mynd 29: Garðlag [603]. Horft til norðurs.

svæðisins. Lá það nokkurn vegin norður-suður og var suðurendi þess um 4 m vestnorðvestur af vesturenda “brúarsporðs” [605]. Var það 6,5 m á lengd, 0,3 m á breidd og 0,1 m á hæð. Var um að ræða eitt umfar af óreglulegu hleðslugrjóti en greinilegt hrun úr garðlaginu lá á víð og dreif vestan við það. Sat það ofan á dökku leirkenndu lífrænu lagi (eining [606], blönduðu viðarkolum og móösku ásamt einstaka beinum. Bar lagið nokkuð svípmót af lækjarseti því sem áður hefur verið lýst hér að

17 Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur I. Reykjavík 1929, bls. 160-161




Mynd 30: Yfirlitsteikning sem sýnir staðsetningu garðlags [603] og “brúarsporðs” [605].

framan (eining [569]) og er mögulegt að garðlag [603] hafi verið tilraun fyrirhleðslu til að hefta niðurbrot lækjarins. Lag [606] sat svo ofan á öðru dökku og leirkenndu lagi (eining [607]), að mestu laust við mannvist fyrir utan örfá bein, sem aftur sat ofan á fíngerðri náttúrulegri möl.


Niðurstöður og Samantekt.

Hvergi á lóðum Austurstrætis 22 og Lækjargötu 2 varð vart við gjóskulög, en þrjú slík eru þekkt í Reykjavík og hefðu hugsanlega getað verið þarna, landnámslagið (frá um 870), svonefnt miðaldalag (talið frá 1226), og Kötlulag frá því nálægt 1500. Í grófum dráttum má þó skipta þeim mannvistarlögum og mannvirkjum sem grafin voru upp á lóðum í þrjú megin aldurskeið sem ráðast af byggingarárum húsanna sem á lóðunum stóðu. Yngsta aldurskeiðið (hópur [617] í Lækjargötu og hópur [623] í Austurstræti) nær yfir mannvirki og mannvistarlög sem urðu til eftir 1852 sem er




Mynd 31: Einfölduð yfirlitsteikning sem sýnir yngstu minjarnar sem grafnar voru upp á lóðum Lækjargötu 2 og Austurstrætis 22 (hópar [617] og [623]).

byggingarár hússins við Lækjargötu 2. Næstyngsta aldurskeiðið nær yfir minjar sem urðu til á tímabilinu frá 1801, þegar húsið við Austurstræti 22 var byggt, fram til 1852 þegar Lækjargötu húsið komi til sögunnar (hópur [619] í Lækjargötu og hópur [624] í Austurstræti). Elsta aldurskeiðið nær svo yfir minjar sem urðu til fyrir 1801 (hópur



Mynd 32: Einfölduð yfirlitsteikning sem sýnir minjar frá tímabilinu 1801-1852 sem grafnar voru upp á lóðum Lækjargötu 2 og Austurstrætis 22(hópar [619] og [624]).

[620] í Lækjargötu og [625] í Austurstræti). Ekki var færi á þrengri skiptingu innan þessara þriggja aldurskeiða en það kemur einna helst að sök varðandi elsta aldurskeiðið þar sem ekki er hægt að fara nær um aldur þeirra mannvirkja, sem tilheyra því, en að þau hafi orðið til fyrir 1801. Skiptir þetta minna máli hvað varðar yngri aldurskeiðin tvö þar sem þau spanna einungis rúmlega 200 ára tímabil samanlagt sem er styttra en oft gengur og gerist við aldursgreiningu fornleifa, auk þess sem inna þeirra eru minjar sem tímasetjanlegar eru út frá ritheimildum (t.d húsinn tvö.)



Mynd 33: Einfölduð yfirlitsteikning sem sýnir elstu mannvirkin sem grafin voru upp á lóðum Lækjargötu 2 og Austurstrætis 22 (hópar [620] og [625])

Austurstræti 22.

Langflest tímasetjanleg mannvistarlög á lóðinni Austurstræti 22 báru það með sér að vera frá síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta hinnar 20. Líklegt er að helstu sýnilegu breytingar sem sjá má séu frá þeim tíma er Haraldur Árnason rak verslun í húsinu. Viðbyggingar beggja vegna hússins og aftan við það munu flestar reistar í sambandi við þann verslunarrekstur.”

Hópur [623]

Í yngsta hópnum [623] voru steypuveggir þeir eða steiptar undirstöður margra viðbygginga á á syðri hluta lóðarinnar. Mikið af þessum viðbyggingum tilheyrir þeim tíma þegar Haraldarbúð var í húsinu (1915-1961), þó að mörgum þeirra hafi verið breytt á síðari hluta 20. aldar.

Steypuveggirnir voru af tvenns konar gerð. Veggurinn [035] milli A og B var þannig að efsti hluti var steiptur, en undir var púkk. Þannig var einnig bálkurinn austan við I (hluti af hópnum [067]). Hinir veggirnir voru þannig að steypa náði alla leið niður á malarlagið sem undir er. Þessu tímabili tilheyrði einnig kjallari með veggjum sem ýmist voru steiptir eða hlaðnir úr steiptum einingum, sem handgrafinn hefur verið

undir húsinu frá 1801-2, trúlega á þeim tíma sem Haraldarbúð var þar. Ætla má að þessi kjallari hafi einkum verið kolageymsla og miðstöðvarkjallari.

Að mörgu leyti eru leifar steinhlaðinna og steinsteypra viðbygginga áhugaverðar, þó að þær séu ekki beinlínis fornleifar í skilningi laga, og mátti sjá ýmis merki um verklag á þessum mannvirkjum. Á mörkum reitanna B og D var steypdur veggur þar sem greinileg för voru eftir steypumótin, úr fjöllum, Á norðurhlið urðu slík merki ekki séð, og hafa menn látið sér nægja mót öðrum megin. Norðan við reitinn C var tvöfaldur veggur, að norðan hleðslugrjót og steypa, en greinilegur þynnri steypuveggur áfastur að sunnan.

Hópur [624]

Í hópnum [624] eru leifar hússins frá 1801-2, steinaraðirnar úr veggjarundirstöðum, og steinaraðir sem tilheyrðu garði vestan hússins. Þrjár af veggjum hússins voru allvel varðveittir, eða einföld steinaröð úr þeim. Það eru vestur-, norður- og austurveggur. Af suðurvegg var aðeins eftir stuttur stúfur vestast. Undirstöður suðurveggjar höfðu verið skertar þegar viðbyggingar voru gerðar við húsið sunnanvert, og þegar grafinn var miðstöðvarkjallari undir það.

Þessum hóp tilheyra einnig steinaraðir sem eru leifar af grjótveggjum umhverfis garð vestan við húsið frá 1801-2. Lengri kafli var eftir af veggnum að norðan en sunnan, og víðast hvar var aðeins eitt umfar steina varðveitt.

Vitað er að byggingar voru í garðinum vestan hússins frá 1801-2, en engar minjar þeirra fundust við rannsóknina, enda hafði orðið mikið rask á þessum hluta svæðisins á 20. öld.

Hópur [625]

Í hópnum [625] má telja eitt mannvirki á lóðinni Austurstræti 22. Syðst á rannsóknarsvæðinu í reitunum A og B mátti sjá leifar af grjótvegg (einingar [045] og [066]). Veggjarleifar þessar sáust á u.þ.b. 12 metra kafla. Syðst var hann skaddaður af niðurgrefti næst húsi Nýja bíós, og steypu. Hann var úr lóbörðu grjóti og stefndi nálægt því í réttar kompásáttir, austur og vestur. Hann hvíldi beint á mölinni og var ekki að finna neinn jarðveg á milli veggjar og malarkamb. Því miður fannst ekkert í öruggum tengslum við þennan vegg sem styðjast mætti við til tímasetningar. Þó er nokkur vísbending um háan aldur fólgin í þessari staðreynd, að hann skuli hafa verið lagður beint á mölina. Garðurinn var skertur af [035] grjótundirstöðu (eða öllu heldur skurði fyrir hana) sem lá um svæðið þvert. Hægt var að fylgja vegg þessum að jaðri

rannsóknarsvæðis að austan, að lóðamörkum við Lækjargötu 2, en við rannsókn á lóð Lækjargötu 2 fannst ekki augljóst framhald hans þó mögulegt sé að tengsl hafi verið á milli hans og veggjar [603] sem þar var grafinn upp (sjá hér að neðan).

Líkleg túlkun á þessum veggjarleifum er að þarna hafi verið garðlag sem tilheyrði býlinu Reykjavík, þó að þetta sé spottakorn (um 250 m) frá hinu gamla bæjarstæði Reykjavíkur (við suðurenda Aðalstrætis eða nyrst við Suðurgötu). Má hugsa sér að þarna hafi verið túngarður, en að vísu verður það ekki fullyrt.

Lækjargata 2.

Lóð Lækjargötu 2 er á slóðum þar sem lækurinn sem nú rennur í stokki undir Lækjargötunni, breiddi áður fyrr talsvert úr sér. Ráðist var í að hefta niðurbrot lækjarins á fyrri hluta 19. aldar þegar sett var niður grjótlögn meðfram honum (grjótlögn [567] sjá umfjöllun um hóp [619] hér að neðan) og aftur 1848 nokkru austar (utan við uppgraftarsvæðið) og má þá segja að við síðari framkvæmdina hafi hin eiginlega lóð Lækjargötu 2 orðið til. Var greinilegt á elstu mannvistarlögunum sem þar fundust (undir grjótlögninni) hvernig þau hlóðust upp að malarkambi sem hallaði til austurs að læknum. Fylgdu mannvistarlögin halla malarkambsins og var bæði um ræða lög sem borist höfðu með læknum og úrgangslög sem varpað hafði verið fram af lækjarbakkanum. Voru þau síðarnefndu þó í þynnri kantinum. Eftir að grjótlögn [567] varð til varð lega mannvistarlaga hins vegar lágréttari. Varð talsverð uppsöfnun á úrgangslögum, einkum mósku, ofan á grjótlögninni sem líklega hefur verið varpað frá húsinu við Austurstræti 22. Einnig var talsverð uppsöfnun mannvistarlaga meðfram henni austanverðri sem greinilega höfðu borist þangað með læknum, áður en ytri grjótlögnin var gerð árið 1848 og húsið Lækjargötuhúsið var byggt.

Hópur [617]

Hópur [617] Innihélt húsið sjálft sem byggt var árið 1852 og mannvistarlög og mannvirki sem urðu til eftir þann tíma. Skráning á undirstöðum hússins sjálfs og steyptra viðbygginga frá 20. öld var í höndum Gullinsniðs e.h.f og var því ekki gefinn sérstakur gaumur að þeim við fornleifarannsóknina, utan þess að leifar austur- og suðurveggja hússins (einingar [561], [564] og [562]) voru skrásettar þar sem þær voru niðurgrafnar og höfðu þar af leiðandi áhrif á eldri mannvistarlög. Voru tveir lagnaskurðir (einingar [614] og [616]) einnig skráðir af sömu ástæðu. Eitt mannvirki fannst við austanverðan suðurvegg hússins og var líklega um að ræða leifar flórs

(hópur [531]) í skepnuhúsi. Vitað er að slík hús voru byggð á lóðinni annars vegar 1897(hesthús) og hins vegar um 1900 (hesthús og fjós) og var flórin líklega leifar annars hvors þeirra.

Hópur [619]

Hópur [619] náði yfir mannvistarlög og mannvirki sem urðu til á tímabilinu frá 1801 til 1852 eða fram að því að húsið sem stóð við Lækjargötu 2 var byggt. Var um að ræða talsvert mikla grjótlögn (eining [567]) sem hlaðin var á fyrri hluta 19. aldar til þess að hefta niðurbrot úr læknum, líklega til að verja lóð hússins sem stóð á lóð Austurstrætis 22. Var um að ræða reglulega röð stórra steina, austast, sem hafði verið hlaðið meðfram lækjarbakkanum og grjót sem sett hafði verið niður þétt en tilviljanakennt fyrir aftan hana. Hafði hugsanlega einnig verið lagt torf (eining [565]) ofaná grjótið. Náði grjótlögn [567] á milli norður og suðurjaðra lóðarinnar og var hún mest um 7 m á breidd austur verstur. Virðist sem grjótlögnin hafi verið gerð fljótlega eftir að húsið var byggt árið 1801 þar sem fremur lítil uppsöfnun mannvistarlaga hafði orðið undir henni þótt visulega sé mögulegt að úrgangi frá Austurstræti 22 hafi verið varpað beint í lækinn. Talsverð uppsöfnun mannvistarlaga var ofaná grjótlögninni (einingar [539], [537], [538], [545], [563], og [566]) og var um að ræða misblönduð móöskulög utan lags [545] sem var samþjappað malarlag sem líklega hefur verið sett niður sem jöfnunarlag. Einnig var nokkur uppsöfnun dökkra lífrænna laga, ríkur af mannvistarleifum sem greininlega höfðu borist með læknum upp að grjótlögninni austanverðri.

Hópur [620]

Hópur [620] nær yfir mannvirki og mannvistarlög frá því fyrir 1801. Eftir að grjótlögn [567] hafði verið fjarlægð var ákveðið að grafa þrjá könnunarskurði (SK7-9) með vissu millibili sem náðu þvert yfir uppgraftarsvæðið til í þeim tilgangi að fá hugmynd um þykkt mannvistarlaga á svæðinu. Reyndist sáralítill uppsöfnun hafa orðið undir grjótlögninni og sást einungis þunnt lag af malarblandaðri móösku efst í öllum sniðum skurðanna en annars var um að ræða náttúrulegan malarkamb í nokkrum lögum og nokkur dökk, lífræn lög af lækjarseti, sem lágu upp að honum austanverðum, með fremur daufum merkjum um mannvist, þótt í þeim hafi sést viðarkol og beinleifar á stökum stað. Þrátt fyrir þessa litlu uppsöfnun mannvistarlaga fundust þó tvö mannvirki við vélgröftinn, annars vegar grjóthlaðinn veggstúfur (eining [603]) sunnarlega á vesturhluta svæðisins og torkennileg hleðsla úr torfi og grjóti (eining [605]) í sauðausturhorninu. Grjótveggur [603] var um 4 m á langur og var talið

hugsanlegt að verið hlaðinn til þess að hefta niðurbrot lækjarins. Einnig er þó mögulegt að hann hafi tengst grjótvegg [045]/[061] sem fannst á lóð Austurtrætis 22 á svæðum A og B. Ekki er þó hægt að segja til um það með fullri vissu þar sem ekkert sambandi var á milli veggjanna. Torf og grjóthleðsla [605] olli nokkrum heilabrotum fyrst eftir að hún kom í ljós vegna beinaleifa sem fundust strax við hreinsun á henni. Var þar m.a. um að ræða höfukúpu af hesti og kjálkabein úr hundi og því var talið mögulegt að um kuml væri að ræða. Uppgröftur á hleðslunni leiddi þó í ljós að beinaleifarnar sátu í lífrænum lögum sem lá yfir og upp að henni og hafa borist þangað með læknum. Grjóthleðslan var lægst við vesturendann en hæst við austurendann og var um 0,4 m munur þar á. Var talið mögulegt að hleðslan hafi verið leifar sporðs á brú yfir lækinn.

Ekki er hægt að segja nákvæmar til um aldur grjótgarðs [603] og grjóthleðslu [605] en að bæði voru frá því fyrir 1801.

Heimildir

Argos ehf. *Austurstræti 22. Byggingarrannsókn í kjölfar brunans 18. apríl 2007.*

Reykjavík, 2008.

Benedikt Gröndal: Reykjavík um aldamótin 1900. Sérprentun úr "Eimreiðinni" VI. Kaupmannahöfn 1900

Gavin Lucas o.fl.2003 *Archaeological Field Manual.* Fornleifastofnun Íslands (óútgafið)

Gullinsnið ehf. 2009. *Byggingarsaga Lækjargötu 2* (óútgafið).

Morgunblaðið 1. apríl, 2003 ,Fasteignablað. "Austurstræti 22." Reykjavík 2003

Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur I.* Rvík 1929,

Klemens Jónsson *Saga Reykjavíkur II,* Reykjavík 1929

Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, 2004. Húsakönnun . Austurstræti-Lækjargata-Skólalbrú-Pósthússtræti. Reykjavík 2004

.

Viðauki I. Gripir.

The excavation in Austurstræti-Lækjargata produced a total of 5587 finds under 699 finds numbers. The preservation on site ranged from poor to fairly good, differing in areas. The finds assemblage have been scanned, mainly to see the composition and if possible, to provide dating of the material and contexts. There were 397 animal and fish bone finds registered as food waste under 75 finds numbers. These have not been included in this assessment and are waiting for a specialist analysis, though it has been noted during registration that most of the bone finds have cutting or butchering marks. Beside the butchering marks there is a number of bone perforations, used for the extraction of bone marrow by drilling two holes. Finds number <700> is a horse head found articulated in [605]. There were also articulated fish bones as well, especially in [074].

The finds from the excavations have been looked upon as one whole, not differentiating between areas. Even though a difference does exist, mostly in the number of finds recovered (see below), this could be ascribed to the excavation period and type of recovery. The field work season in Austurstræti stood for ca. two months, and has been mostly hand excavated. The excavation in Lækjargata was largely machine dug. Another factor to consider is the size of the excavated area, in which case the excavation in Austurstræti comprised a larger area.

The finds are described and scanned according to their material type.

Ceramics

Pottery

A total of 26,69kg (2802 fragments) of pottery were recovered. After a first assessment the material can be dated to the 19th and early 20th century. No clear distinctions between contexts or phases have been found. The assemblage shows a relatively constant mixture of 19th century pottery with the exceptions of the top most contexts which have several of more recent, early 20th century vessels. This could be explained with the proposition that excavated area has been constantly rebuilt during the last ca. 150 years and thus the material probably disturbed and re-deposited several times. The majority of the pottery fragments are plain, undecorated industrial whiteware. Beside this there are also sherds of creamware, stoneware, porcelain and earthenware (both red- and greywares). The decoration is mainly

transfer-printed, but also some examples of hand painted under the glaze, moulding and slipped/slip-trailed fragments have been found. Rouletting under the rims and engine turned whiteware vessels are rarer.

Earthenware vessels are represented by both red- and greywares. Large, slip-trailed plates with a clear glaze are the most common redware type. Most of the fragments have repair-holes. The other quite easily distinguishable type are redware pipkins, here represented with two different shafted handles (e.g. 046), and at least three different feet sherds (e.g. finds number 523). Body fragments with sooting on the exterior are also found. Two fragments of a terra cotta vessel have been found in context [001]. <513> is a bowl with a moulded basket motive and brown slip/paint. The fabric is of bright red and highly refined clay. A similar vessel but with yellow coloured fabric and same basket moulding was found in the same context (registered under same finds number). Comparable vessels (even though with not same decoration has been found at the Museum of London Collection. The London terra cotta vessels are dated to 1801-1850. While the yellow fabric vessel to 1821-1860.

Greywares are represented by four fragments of the vessel type called “Jydepotter” (finds numbers 088, 097, 098, and 659). All fragments have remains of soot on the exterior. These pots are of Danish origin, and have a long tradition of production dating back to the at least middle ages. During the 18th and 19th century the Jydepotter became a major export item. They are black in colour at both exterior and interior. The fragments from Austurstræti-Lækjargata have a polished inner surface and what resembles graffito decoration.

Stoneware vessels are mostly ointment and medicine jars, as well as several inkwells (e.g. No. 082, 100, 729, 736). Two to three stoneware bottles or preserve jars are also found (e.g. 047).

One of the few dateable transfer-printed industrial whiteware vessels is <044> which is a lid from 1818-1857. It comes from context [103] phased to the post 1852 period.

By function the pottery from Austurstræti-Lækjargata are predominantly tableware, such as soup plates, cups, bowl, and plates of different size (desert and platter-sized), saucers, lids, salters, and one teapot. Other functional types are a presence of a both redware and stoneware <515> flower pots, chamber pots and medicine, ointment and preserve jars.

A fair number of pottery fragments have repair holes. Repair holes were drilled in the body of broken vessels and bound together with wire. They can be found mostly on red- and whiteware vessels, but also on a porcelain fragment <525>.

Tobacco pipes

A total of 181.74g or 55 fragments of tobacco pipes have been found during the excavations. Most are stem fragments and thus difficult to date without detailed



Fig. 1: Porcelain pipe <007>

